



Nákvæmnin í fyrirrúmi Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra í boccia fór fram í Laugardalshöll í Reykjavík um helgina. Hér takast Oddur Vífilsson og Lovísa Pálsdóttir á í einstaklingskeppni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslendingar gripnir í fíkniefnarassíu á Spáni

Lögregla á Spáni handtók ellefu manns í tengslum við umfangsmikla kannabisræktun í bænum Molina de Segura. Hollendingar og Íslendingar stóðu að ræktuninni. Mánaðarlegt söluandvirði er sagt nema um 30 milljörðum króna.

LÖGREGLUMÁL Fjórir Íslendingar eru nú í haldi lögreglu á Spáni í tengslum við mjög umfangsmikla kannabisræktun í yfirgefinni vöruskemmu í iðnaðarhverfi í bænum Molina de Segura á Spáni.

Samkvæmt spænskum fjölmiðlum er um að ræða eitthvert háþróaðasta kannabisgróðurhús sem fundist hefur í Evrópu, metið á um 140 milljónir íslenskra króna.

Talið er að einn manna, 58 ára Íslendingur, hafi verið skráður eigandi fyrirtækis sem hagnaður af framleiðslunni rann til. Þá leigði hann húsnæðið sem framleiðslan fór fram í.

Í frétt La Opinión de Murcia um málið kemur fram að 58 ára Íslendingur og sjö Hollendingar á aldrinum 27 til 43 ára hafi verið handteknir grunaðir um fíkniefnasmygl og skipulagða glæpastarfsemi.

Þá segir í miðlinum La Verdad að tveir íslenskir ríkisborgarar hafi verið handteknir á leið úr landi. Jafn-

» Mánaðargróði glæpa-hringsins samsvarar þreföldu tapi útgerðarinnar á viðskiptabanni Rússa í ár.

framt hafi fleiri meðlimir glæpasamtakanna verið handteknir á flugvellinum í Alicante á leið til Íslands.

Rannsókn lögreglu á Spáni hófst þegar fyrirtæki í nágrenninu tilkynntu um einkennileg frávik í rafmagnslinum í iðnaðarhverfinu. Við nánari skoðun kom í ljós að rafmagni var veitt í stóra vöruskemmu sem borgaði enga rafmagnsreikninga. Í skemmuni fundust sex þúsund kannabisplöntur sem lögreglan lagði hald á.

Talið er að framleiðslan hafi verið hluti af starfsemi umfangsmikils smyglhrings, sem hafi flutt tugi tonna af marjúána til Hollands í hverjum mánuði. Götuvirði efnanna, sem send voru á markað í hverjum mánuði, nemur um þrjátíu milljörðum íslenskra króna.



Um 6.000 marjúanaplöntur voru í ræktun í húsinu. MYND/GUARDIA CIVIL

Rannsókn lögreglu hefur leitt í ljós að önnur verksmíðja var í bígerð í vöruhúsi í Alicante-héraði.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir að ráðuneytið hafi ekki fengið upplýsingar um málið. „Það hefur ekki verið beðið um aðstoð frá okkur,“ segir Urður.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins teygir rannsóknin sig ekki hingað til lands og hafa lögregluþyrifvöld á Íslandi ekki verið beðin um að aðstoða við rannsókn málsins. - ngy

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Jón Steinar Gunnlaugsson fjallar um réttarheimildir. **10**

SPORT Ísland er haldreipi hollensku stjarnanna. **30**

TÍMAMÓT Bjóða b-mannskjum upp á morgungöngu. **14**

LÍFÍÐ Íslenskur trommuleikur í vinsælum hljóðbanka. **19-22**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

HEPPIN Á FACEBOOK

Guðrún Benediktsdóttir hefur unnið í þrettán Facebook-leikjum frá því í desember. **19**

PLÚS 2 SÉR- BLÖÐ

● FÓLK

● FASTEIGNIR



LANDMARK FASTEIGNASALA

Sími

512 4900

landmark.is

LANDMARK

Kringlan


KRINGLU
KAST

SÍÐASTI
DAGURINN

20%
TIL
50%

NÝJAR VÖRUR Á AFSLÆTTI

Veður



Vaxandi suðaustanátt með rigningu víða um land en þó er útlit fyrir þurrk og sólarglennur á norðaustanverðu landinu. Það lægir og stýttir upp vestan til í kvöld, en þá bætir í úrkomuna SA-til. **SJÁ SIÐU 16**

Skólastjórar segja upp

KJARAMÁL Á ársfundi Skólastjórafélags Íslands um helgina kom fram mikil kergja meðal skólastjórna og áhyggjur vegna yfirvofandi uppsagna. „Þar stóðu fjölmargir skólastjórna upp og sögðu frá því að þeir væru að íhuga uppsagnir, eða væru hreinlega búnir að segja upp,“ segir Ingileif Ástvaldsdóttir, varaformaður félagsins. Algjört skilningsleysi Sambands sveitarfélaga ein-kenni andrúmsloftið, þar sem ekki virðist skilningur á þeirri ábyrgðar sem skólastjórna beri. Dæmi séu um að kennarar fái hærri laun en stjórna. Stjórna hafi þannig verið settir út í kuldann meðan gengið hafi verið frá samningum við kennara.

Í ályktun félagsins segir að helsta leið skólastjórna til að bæta kjör sín virðist að segja upp og snúa aftur til kennslu. Ingileif segir eðlilegt að skólastjórna hugi að öðrum leiðum til kjarabóta, enda hafi þeir ekki verkfallsrétt.

Náist ekki samningar segir Ingileif að tapast gæti dýrmæt reynsla, sem erfitt sé að bæta. Því sé mikilvægt að Samband íslenskra sveitarfélaga átti sig raunverulega á að skólastjórna með reynslu skipti miklu máli, svo hægt verði að koma í veg fyrir yfirvofandi fjöldafloða úr stéttinni og þurfi að bregðast við kallinu strax.

Skólastjórafélag Íslands og samninganefnd sveitarfélaganna funda hjá ríkissáttasemjara í dag. – ga

Par stóðu fjölmargir skólastjórna upp og sögðu frá því að þeir væru að íhuga uppsagnir.

Ingileif Ástvaldsdóttir, varaformaður Skólastjórafélags Íslands



Krankleikar kannaðir



Ármann Steinar, Brynhildur Katla og Hrafnhildur Irma voru í hópi fjölmargra barna sem mættu á Barnaspítala Hringins í gær þar sem í tilefni alþjóðlega bangsá dagsins var, venju samkvæmt, starfræktur Bangsaspítali. Hér eru þau í innrituninni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjórða besta sumarið í laxi

VEIÐI Bráðabirgðatölur yfir stangveiði á laxi sumarið 2015 sýna að alls veiddust um 74.000 laxar. Veiði var rúmlega tvöfalt meiri en laxveiðin var 2014. Í heild var fjöldi stangveiddra laxa 2015 sú fjórða mesta frá upphafi og um 55% yfir langtíma-meðaltali árunna 1974-2014, segir í frétt frá Veiðimálastofnun.

Til að fá samanburð við fyrri ár lagði Veiðimálastofnun mat á hver laxveiðin hefði orðið ef engu hefði verið sleppt aftur og veiði úr sleppingum gönguseiða var einnig frá dregin. Sú niðurstaða leiðir í ljós að stangveiði á laxi 2015 hefði verið um 51.820 laxar, sem er litlu hærra en var árin 2008 og 2009 en lægra en metveiðin frá 1978 þegar aflí í stangveiði var alls 52.597 laxar.

Aukning varð í laxveiði í öllum landslutum en mest þó á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. – shá

Stofnandi Þríhnúka kaupir Arion banka út

Einn stofnenda ferðapjónustunnar við Þríhnúkagíg vill kaupa hlut Stefnis.

VIÐSKIPTI Björn Ólafsson, einn stofnenda ferðapjónustunnar við Þríhnúkagíg, hefur fengið samþykkt kaupsboð á 18,6 prósent hlut Stefnis, dótturfélags Arion banka, í Þríhnúkum ehf.

Björn á fyrir 10,5 prósent hlut í félaginu sem staðið hefur að undirbúningi fyrir hellaferðir í Þríhnúkagíg.

Í samþykktum Þríhnúka eru ákvæði um að félagið sjálf og hluthafar þessi fái forkaupsrétt að öllum hlutabréfum í félaginu áður en þau eru seld.

Reykjavíkurborg og Kópavogsbær sem bæði eiga 13,9 prósent hlut í félaginu hyggjast ekki nýta sér forkaupsrétt sinn.

Bæjarlögmaður Kópavogs segir í umsógn sinni til bæjarráðs Kópavogs að vandséð sé að kaup á frekari eignarhlut í Þríhnúkum stæðust sveitarstjórnarlög þar sem fjárfesting hefði ekki sama samfélagslega gildi og hún hefði haft þegar bærin keypti hlut í félaginu árið 2012. Félagið standi nú tryggari fótum en þegar upprunalegu kaupin áttu sér stað.

Vika er þar til að forkaupsréttur hluthafa rennur út, að sögn Björns.

Annað félag, 3H Travel ehf. í eigu Björns og annarra stofnaðila Þríhnúka hefur séð um hellaferðir í Þríhnúkagíg þar sem hluthafar Þríhnúka vildu ekki taka þá fjárhagslegu áhættu sem fylgdi slíkri ferðapjónustu.

Hins vegar sé markmiðið að Þríhnúkar fái varanlegt rekstrarleyfi fyrir hellaferðum og taki við rekstrinum. Þá verði farið í myndarlega uppbyggingu á svæðinu, að sögn Björns.



Þríhnúkagígur hefur verið eftirsóttur ferðamannastaður síðustu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þegar við stofnuðum þetta 2004 hélt ég kannski að það yrðu fimm ár en nú eru að verða komin tólf ár.

Björn Ólafsson, einn stofnenda ferðapjónustunnar við Þríhnúkagíg



13,9%

er hlutur Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar í Þríhnúkum ehf.

Björn segir uppbygginguna hafa tekið mun lengri tíma en hann hafi haldið í upphafi.

„Þegar við stofnuðum þetta 2004 hélt ég kannski að það yrðu fimm ár, en nú eru að verða komin tólf ár,“ segir hann.

3H Travel bauð upp á hellaferðir í fjórða sinn í sumar en Björn segir reksturinn hafa verið viðunandi. Félagið hagnaðist um 8,3 milljónir króna bæði árin 2013 og 2014 samkvæmt ársreikningum þess.

ingvar@frettabladid.is



Nýr Landspítali loks í auglýsingu.

Málþing Spítalans okkar
þriðjudaginn 13. október 2015 frá kl. 16.00-18.00,
Icelandair Hótel Reykjavík Natura við Reykjavíkflugvöll

Setning:

Anna Stefánsdóttir, formaður stjórnar Spítalans okkar

Nýr Landspítali – nýtt heilbrigðiskerfi

Birgir Jakobsson, landlæknir

Er ódýrara að reka spítala í nýju húsnæði? - reynsla Norðmanna

Hulda Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri, Norlandia Care Group AS

Nýr Landspítali – nauðsynleg tæknipróun.

Gísli Georgsson, verkfræðingur á Landspítala

Nýtt húsnæði – auknið öryggi sjúklinga.

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala

Fræðasamfélagið og sérstaða háskólasjúkrahúss.

Guðmundur Þorgeirsson, prófessor í lyflækningum við Háskóla Íslands

Spítali í borg - skipulag Vatnsmýrar.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar

Lokaorð – Ólöf Nordal, innanríkisráðherra

Fundarstjóri:

Svana Helen Björnsdóttir, stjórnarformaður Stika

Við hlökkum til að sjá ykkur sem flest



1975 | Bílabúð Benna | 2015

OPEL VEISLA



Opel Insignia

Verð frá: **3.890.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **389.000 kr.**

OPEL INSIGNIA

AFMÆLISPAKKI TIL ÞÍN!

Bílabúð Benna er 40 ára. Nú fögnum við áfanganum með sannkallaðri Opel-veislu og bjóðum veglegan afmælisþakka með öllum nýjum Opel bifreiðum. Velkomin í Opel-veisluna – við eigum afmæli, þú færð þakann.



Toyo
harðskeljadekk



Eldsneytisneign
200 lítrar



Löður Gullþvottur
þvottakort - 5 skipti

Einn úr fjölskyldunni: Opel Insignia sameinar glæsilegt útlit og afburða akstureiginleika. Hann er með sparneytna vél, ríkulegan staðalbúnað og fæst fjórhjóladrifinn – þetta er bíll sem þú elskar að aka.



Wir leben Autos.

Bílabúð
Benna

Bein leið í 40 ár

Kynntu þér Opel fjölskylduna á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

Tvíkynhneigðum stúlkum er sagt að líði einna verst

FÓLK Bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar sem stendur yfir um hagi og líðan hinsegin ungmenna sýnir fram á að hinsegin ungmennum líði verr en gagnkynhneigðum jafnöldrum sínum.

Rannsókn og greining leggja fyrir stórar kannanir í framhaldsskólum þriðja hvert ár og árin 2004 og 2013 var safnað saman gögnum um kynhneigð. Bjarki Þór Grönfeldt, nemandi í sálfræði, og Berglind Gísla-

dóttir, sérfræðingur hjá HR, vinna nú úr þessum gögnum.

„Hinsegin ungmenni eru líklegri til að glíma við kvíða og þunglyndi, íhuga frekar að skaða sig og stytta sér aldur, meta andlega og líkamlega heilsu sína verri og sækja frekar í vímuefni. Birtingarmynd milli kynja er ólík og sá hópur sem kemur verst út eru tvíkynhneigðar stúlkur. Það virðist vera hópurinn sem við þurfum að líta mest til og

skoða hvernig við getum komið til hjálpar,“ segir Berglind.

Ungmennin sem svöruðu rannsókninni eru 16 til 20 ára. Ekki er um úrtaksrannsókn að ræða heldur þýðisrannsókn og því eru gögnin tölfræðilega mjög sterk. 8,5 prósent hópsins eru tvíkynhneigð og 3,3 prósent eru samkynhneigð. Berglind segir þetta hlutfall ríma við niðurstöður erlendra rannsókna.

– ebg



Berglind og Bjarki vinna úr gögnum þessa dagana og eingöngu er um bráðabirgðarannsókn að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Timo Soini, formaður Sannra Finna og utanríkisráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

Sannir Finnar í frjálsu falli

FINNLAND Ný skodanakönnun fyrir finnsku fréttaveituna Yle sýnir fram á að Sannir Finnar hafi tapað umtalsverðu fylgi frá kosningum.

Sannir Finnar voru næststærsti flokkur Finnlands en eru nú í fimmta sæti með um tíu prósentu fylgi en voru með 19 prósent eftir kosningar. Enn sem áður er Miðflokkurinn stærstur með 21,7 prósentu fylgi og jafnaðarmenn taka stókk upp á við og eru næststærstir með 18,3 prósent. Fylgistap Sannra Finna er sagt mega rekja til óánægju flokksmanna með að forysta flokksins skuli sýna linkind í innflytjendamálu. – srs

Ísland stendur sig ennþá verst

UTANRÍKISMÁL Ísland stendur sig enn verst EFTA-ríkjanna þegar kemur að innleiðingu tilskipana í gegnum EES-samninginn. Frammi- staða Íslands er sú versta á Evrópska efnahagssvæðinu öllu og ljóst að þörf er á frekari aðgerðum að mati eftirlitsstofnunar EFTA.

Ríkisstjórn Íslands kynnti 11. mars 2014 aðgerðaáætlun sem átti að koma innleiðingarhallanum niður fyrir 1 prósent á fyrri hluta 2015 og að á sama tíma yrði ekkert dómstól fyrir EFTA-dómstólnum vegna skorts á innleiðingu EES-tilskipana. Hallinn nú er rúmlega tvöfalt það sem hann átti að vera samkvæmt áætluninni og til meðferðar við EFTA-dómstólinn eru nú alls fimm mál. – sa

Þúsundir mótmæla árásinni

Stjórnvöld í Tyrklandi telja Íslamska ríkið hafa staðið að árás á útifund í Ankara um helgina. Kúrdar segja ábyrgðina hjá stjórnvöldum. Loftárásur haldið áfram þrátt fyrir einhliða vopnahlé af hálfu Kúrda.

TYRKLAND Sprengjuárásin á útifund í Ankara á laugardag, þar sem Kúrdar voru að mótmæla hernaði stjórnarinnar gegn Kúrdum, kostaði að minnsta kosti 95 manns lífið. Meira en 250 aðrir særðust.

Þúsundir manna komu í gær saman í borginni til að minnast hinna látnu og mótmæla árásinni. Sumir beindu mótmælum sínum gegn stjórnvöldum.

Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, lýsti í gær yfir þriggja daga þjóðarsorg vegna sprengjuárásarinnar, sem er sú mannskæðasta í sögu Tyrklands á seinni árum.

Tyrkneska stjórnin segir allt benda þess að tveir sjálfsvígisárásarmenn hafi sprengt sig í loft upp á útifundinum á laugardag. Ahmet Davutoglu forsætisráðherra segir engan hafa lýst yfir ábyrgð á árásinni, en líklegt sé að samtök hryðjuverkamanna á borð við Íslamska ríkið eða PKK, Verkamannaflokk Kúrdistans, hafi staðið á bak við hana.

Tveir háttsettir embættismenn í Tyrklandi sögðu Reuters-fréttastofnunni að flest benti þó til þess að árásarmennirnir hafi verið á vegum Íslamska ríkisins.

Kúrdum þykir ákaflega einkennilegt að stjórn landsins telji PKK hugsanlega hafa framið þessa árás, þar sem útifundurinn á laugardag var haldinn til þess að mótmæla árásum stjórnarhersins á liðsmenn PKK.

Sumir Kúrdar segja stjórnina bera alla ábyrgð á árásinni, þar sem hún hefði átt að tryggja öryggi fólks þegar efnt var til útifundarins í Ankara á laugardag.

Eftir árásina á laugardaginn boðaði PKK einhliða vopnahlé og hét því að gera ekki árásir á stjórnarherinn nema til að svara árásum frá honum. Þrátt fyrir þetta hélt stjórnarherinn í gær áfram loftárásum á stöðvar PKK.



Þúsundir manna komu saman í Ankara í gær til að minnast þeirra sem létust í sprengjuárásinni á laugardag. NORDICPHOTOS/AFP

Árásir stjórnarhersins á PKK hófust í sumar eftir að tyrknesk stjórnvöld höfðu tryggt sér stuðning Atlantshafsbandalagsins við aðgerðir gegn Íslamska ríkinu í Sýrlandi og öðrum hryðjuverkamönnum, sem ógnuðu Tyrklandi.

Tyrkneski herinn hefur hins vegar einkum beint aðgerðum sínum gegn PKK frekar en að ráðast gegn Íslamska ríkinu, enda þótt PKK hafi ásamt fleiri vopnuðum hópum Kúrda átt í hörðum átökum við Íslamska ríkið við landamæri Sýrlands. gudsteinn@frettabladid.is

Stutt í kosningar

Þingkosningar verða haldnar í Tyrklandi eftir þrjár vikur, tæpum fimm mánuðum eftir síðustu kosningar þar sem stjórnarflokkur Recep Tayyips Erdogans forseta missti þingmeirihluta.

Ekkert gekk að mynda samsteypustjórn með neinum stjórnarandstöðuflokkanna þannig að Erdogan forseti efndi til kosninga á ný.

Ekki er að sjá að fylgi flokkanna hafi breyst mikið á síðustu mánuðum og fátt sem bendir til þess að flokkur Erdogans forseta muni styrkja fylgi sitt verulega vegna átakanna við Kúrda og Íslamska ríkið.



thekking.is

SÉRFRÆÐINGAR Í SKÝJALAUSNUM

Kynntu þér á thekking.is af hverju viðskiptavinir okkar eru í skýjunum með Þekkingu.

Hafðu samband:
460 3100 / sala@thekking.is

PEKING
Tölvudeildin þín

VIÐ TÓKUM ÁKVÖRÐUN: AÐ VEITA BESTU BANKAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI ...

... svo þú eigir
auðveldara með að
taka þínar ákvarðanir

Sumar ákvarðanir um fjármál eru hversdagslegar, aðrar með þeim mikilvægustu á lífsleiðinni. Okkar hlutverk er að veita þér bestu ráðgjöf, fræðslu og þjónustu sem völ er á til að auðvelda þér að taka þínar ákvarðanir.

Við tökum vel á móti þér í næsta útibúi og á islandsbanki.is



Greina ekki frá sölutölum hér

VIÐSKIPTI Stjórn Volkswagen hélt fyrir helgi krisufund þar sem rætt var um hvernig ætti að taka á dísilsvindlinu sem komst upp fyrir rúmum tveimur vikum.

Volkswagen tilkynnti á föstudag innkallanir á bílum í janúar. Um er að ræða 11 milljónir dísilbíflíða.

Enn er ekki vitað hver áhrif svindlsins verða hér á landi. Þar sem ekki er um koltvísyringslosun að ræða er óvíst að tollurinn muni innheimta ógreidd bifreiðagjöld. Umboðsaðilinn Hekla vill ekki gefa upp sölutölur bifreiða frá Volkswagen hér á landi. Því er óljóst hvort hafi dregið úr sölu á bílum fyrir-tækisins hér á landi eftir að svindlið komst upp. – sg

Veittu verðlaun á landsþingi

STJÓRN MÁL Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar, hlaut Félagshyggjuverðlaun Ungra jafnaðarmanna við slit landsþings hreyfingarinnar í gær.

Í ræðu Ingu Bjarkar Bjarnadóttur, málefnafróðu Ungra jafnaðarmanna, sagði hún Guðbjart meðal annars einn gegnheilasta jafnaðarmann sem fyrirfyndist. Hann hefði í verkum sínum, jafnt sem þingmaður og ráðherra, verið vakinn og sofinn í baráttunni fyrir félagslegu réttlæti.

Guðbjartur gat vegna veikinda ekki veitt verðlauninum viðtöku, en það gerði fyrir hans hönd Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar. – ga

Búist til loftárása á skógarelda



Ástralir hlaupa undir bagga vegna skógarelda á Súmöturu í Indónesíu, en stjórnvöld þar kljást þessa dagana við einhverja mestu elda sem þar hafa verið kveiktir ólöglega. Ástralska sendiráðið í Djakarta birti í gær þessa mynd af flugvél sem senda á til Súmöturu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vald og ábyrgð á skipaninni fari saman

Dósent í lögræði vill að ráðherra og Alþingi komi saman að skipan dómara. Eigi valdið við skipan dómara að vera hjá nefnd en ekki hjá ráðherra þá þurfi stjórnarskrárbreyting að koma til. Ráðherra hefur sagt fullt tilefni til að endurskoða reglur um skipan dómara.

STJÓRNSÝSLA Ef ákvörðun um skipan dómara á að vera í höndum annarra en ráðherra væri eðlilegast að stjórnarskrárbreyting kæmi til. Enda ber ráðherra ábyrgð á stjórnarframskrá og öllum samkvæmt stjórnarskrá. Þetta segir Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands. „Ef fólk kemst að þeirri niðurstöðu að þessi ákvörðun eigi ekki að vera í höndum pólitíkusa, að ráðherra eigi ekki að vera að vasast í þessu, þá verða menn að gera miklu meiri grundvallarbreytingar.“ segir Hafsteinn.

Karl Axelsson hefur verið skipaður hæstaréttardómari. Dómnefnd mat Karl hæfastan en aðrir umsækjendur voru Ingvaldur Einarsdóttir,

starfandi hæstaréttardómari, og Davíð Þór Björgvinsson, fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra sagði á Alþingi í síðustu viku að fullt tilefni væri til að endurskoða reglur um skipan dómara. Hafsteinn Þór sat í nefnd um nýtt millidómsstig. Hann segir að nefndin hafi einnig kynnt ráðherra tillögu að reglum um skipan dómara, bæði á nýju millidómsstigi en líka á öðrum stigum.

Sú tillaga felur í sér að nefnd skili umsögn um hæfi umsækjenda svo ráðherra geti tekið upplýsta ákvörðun. Ráðherrann ákveður svo hver hlýtur skipun og í tilfelli

hæstaréttardómara skal bera þá ákvörðun undir Alþingi. „Í rauninni kæmu þá báðir handhafar ríkisvaldsins, aðrir en dómsvaldið sjálft, að skipun í dómaraembættið,“ segir Hafsteinn. Hann segir ástæðulaust að vantreysta Alþingi. Til dæmis sé reynslan af því að Alþingi kjósi umboðsmann Alþingis góð.

Í núverandi kerfi skilar nefndin umsögn um það hver hæfasti einstaklingurinn í embættið er. Ráðherra er bundinn af ákvörðun nefndarinnar nema að hann fái stuðning þingsins til að breyta henni. „Við töldum eðlilegast að valdið til að taka ákvörðun um það hverjir taka sæti í dóminum væri í höndum þess sem ber ábyrgð á

ákvörðuninni, þannig að ekki sé skilið á milli ábyrgðar og valds. Núverandi kerfi gerir það í raun,“ segir Hafsteinn. Nefndin bindi hendur ráðherrans, en ráðherrann beri ábyrgðina, bæði lagalega og pólitíska.

Skúli Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands, segir það afstöðu félagsins að ef gerðar verði breytingar á kerfinu þurfi að vanda til verka. Slíkar breytingar krefjast umræðu og samráðs. Hann segir að skoða megi aukna aðkomu þingsins að þessum ákvörðunum. „En ef þingið á að hafa meira um skipun dómara að segja þá verður að hugsa það mál mjög vandlega, hvernig sú aðkoma á að vera og hvernig þingið ætlar að

Ef þingið á að hafa meira um skipun dómara að segja þá verður að hugsa það mál mjög vandlega, hvernig sú aðkoma á að vera.

Skúli Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands



taka á því máli. Vegna þess að auðvitað er mikil hætta á að sú umræða myndi fara um víðan völl og myndi hafa neikvæð áhrif á ásýnd og trúverðugleika dómskerfisins.“
jonhakon@frettabladid.is

ALLT FYRIR HALLOWEEN OG GRÍMUBÖLL

Augnlitir Vampírutennur

XtremeEyes SCARECROW

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun

Laugavegi 69 S. 551-7955

Vill skipulag á haf- og strandsvæðum

UMHVERFISMÁL Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, ætlar á yfirstandandi þingi að leggja fram frumvarp um stefnumótun og gerð skipulags á haf- og strandsvæðum við Ísland. Ástæðan er sú að eftirspurn eftir fjölbreyttri nýtingu þessara svæða fer stöðugt vaxandi.

Þetta kom fram í setningarræðu Sigrúnar á Umhverfisþingi á föstudag, en hún sagði að hingað til hefði skort á heildstæða sýn yfir starfsemi á haf- og strandsvæðum við landið.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, gerði skipulag á haf- og strandsvæðum einnig að umtalsefni í sínu erindi.

„Það er skritið að hafa skipulag fyrir landið, þar sem sveitarfélögin þurfa að gera aðalskipulag fyrir gríðarstór landsvæði, en þú mátt ekki fara lengra en 115 metra frá stórstraumsfjöruborði. Eftir það er fjörðurinn, vikin eða flóinn einfald-



Fiskeldisfyrirtæki getur fengið leyfi í firði sem sveitarfélag hefur ráðgert að nýta til ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

lega ekki á vegum sveitarfélagsins. Sveitarfélag getur ákveðið að fjörður skuli vera frátekin fyrir ferðaþjónustu, og þar skuli ekki vera iðnaður eða önnur starfsemi, en þá eru önnur batterí sem geta ákveðið að inni á firðinum skuli vera fiskeldiskviar – sem eru góðar til síns brúks og mikil-

vægar í uppbyggingu í fiskeldi. En það er skritið að það skuli ekki vera sambandi í þessum málum,“ sagði Halldór og vísaði til þess að Samband sveitarfélaga hefði farið þess á leit við ráðherra umhverfismála að ríki og sveitarfélög vinni að málinu í sameiningu. – shá

ÖLL ÞESSI VERÐLAUN, VIÐ BARA ROÐNUM

DANMÖRK: BÍLL ÁRSINS 2015 SPÁNN: BÍLL ÁRSINS 2015 FINNLAND: BÍLL ÁRSINS 2015
BRETLAND: HATCHBACK OF THE YEAR – BBC TOP GEAR / BEST CROSSOVER – AUTO EXPRESS AWARDS / SMALL HATCHBACK OF THE YEAR / DESIGN OF THE YEAR – 2014 FLEET WORLD HONOURS / GEAR OF THE YEAR – WIRED MAGAZINE / BEST CROSSOVER 2014 – NEXT GREEN CAR AWARDS
FRAKKLAND: MOST INNOVATIVE CAR OF THE YEAR – RTL SURVEY, AUTOMOTO / FRENCH FAVOURITE CAR COMPACT SUV CATEGORY / CAR OF THE YEAR 2014 – YAHOO AUTOS / L'OBSERVEUR DU DESIGN LABEL - INTERNATIONAL AUTOMOBILE FESTIVAL
ÞÝSKALAND: RED DOT AWARD: PRODUCT DESIGN 2014 / INTERNET AUTO AWARD: EDITORIAL AWARD
ÍTALÍA: MOTOR PHOTO AWARD AUSTURRIKI: AUSTRIAN AUTOMOTIVE GRAND PRIX IN THE "START" CATEGORY – ARBÖ
KRÓATÍA: BÍLL ÁRSINS 2015 / CROATIAN AUTOMOTIVE OF THE YEAR 2015 – TV AUTOMAGAZIN
BELGÍA: FAMILY CAR VAB OF THE YEAR 2015
SLÓVAKÍA: GOLDEN WHEEL SLOVAKIA BÚLGARÍA: GOLDEN WHEEL – AUTOBILD BULGARIA
SERBÍA: BÍLL ÁRSINS 2015
ÍSLAND: BÍLL ÁRSINS 2016 Í SÍNUM FLOKKI WORLD CAR AWARDS: WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR 2015



CITROËN C4 CACTUS HAMPAR 25 VERÐLAUNUM

Hugmyndafræðin að baki C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svo sannarlega slegið í gegn. Nú þegar hefur hann hlotið 25 verðlaun víðsvegar um heiminn. Þar á meðal var hann valinn Bill ársins 2016 á Íslandi í sínum flokki.

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

Velkomin í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

15 ára afmæli
Citroën og Brimborg



Öruggur staður til að vera á

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Fagna nýrri stefnu í náttúruvernd

NÁTTÚRUVERND Landvernd fagnar því að náttúruvernd sé gert hátt undir höfði í nýrri ferðamálastefnu sem kynnt var fyrir helgi.

Að mati samtakanna felst í stefnunni viðurkenning á að náttúran sé hornsteinn ferðaþjónustunnar og að hana beri að vernda. Telur Landvernd nú þurfa að stíga skrefið til fulls og sameina starfsemi níu stjórnsýslueininga sem hafa umsjón með landi í eigu ríkisins og að fulltrúi náttúruverndarsamtaka ætti að eiga sæti í stjórnstöð ferðamála til að auka þekkingu og aðhald í náttúruverndarmálum.

Landvernd fagnar þessu sem fyrsta skrefi en við viljum ganga enn lengra.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri Landverndar



Í nýrri stefnu ferðamála er lagt til að umsjá þjóðgarða, friðlýstra svæða og þjóðlendna verði á einum stað í framtíðinni til að tryggja skilvirka stjórnsýslu, náttúruvernd og skerpa á rekstrarforsendum. „Landvernd fagnar þessu sem fyrsta skrefi en við viljum ganga enn lengra í að sameina þá opinberu aðila sem fara með umsjá lands,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

Hann bendir á að umsjá og stjórnsýslu verndarsvæða og lands í eigu ríkisins sé núna fyrir komið á ný stöðum í stjórnsýslunni. „Og því er best að koma þessu fyrir á einni hendi til að tryggja þessa sömu þætti og ný ferðamálastefna leggur áherslu á,“ segir hann. – sa



Mest fækkun stöðugilda hins opinbera á svæðinu síðustu tvö ár hefur verið í Borgarfjörð. Mestu munar á sviði menntamála. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Færri störf þótt stefnan sé að fjölga störfum

Störfum hins opinbera á Vesturlandi hefur fækkað um 23 á tveimur árum. „Óviðunandi ástand,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG.

STJÓRNSÝSLA Opinberum störfum á Vesturlandi hefur fækkað um nærri 23 stöðugildi á síðustu tveimur árum þrátt fyrir þá stefnu stjórnvalda að fjölga störfum í landsbyggðunum. Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir ekki hafa gengið nógu vel að flytja verkefni út á land og margar stofnanir vítt og breitt um landið geti auðveldlega tekið við fleiri verkefnum og aukið við sig mannskap.

Vífill Karlsson, forstöðumaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, hefur tekið saman hagvísir fyrir Vesturland. Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir fjölgun opinberra stofnana á Vesturlandi hefur störfum þar fækkað á einungis tveimur árum. Störfum fækkaði mest á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis eða um rúmlega 46 stöðugildi sem helst verður rakið til þriggja framhaldsskóla og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

„Okkur hefur ekki gengið nægilega vel að flytja verkefni út á land. Að mínu mati ættum við að setja okkur skýr markmið um að 5-10 prósent starfa hins opinbera verði skilgreind án staðsetningar. Þar er

hægt að nýta starfsmannaveltu til að fjölga störfum án staðsetningar,“ segir Haraldur. „Við erum ekki aðeins að sjá þetta á Vesturlandi heldur vítt og breitt um landið. Ég geri mér hins vegar miklar vonir um að við náum að fjölga störfum, jafnt opinberum sem og í einkageiranum á næstu árum og munum vinna að því verkefni. Við eigum að búa til sem fjölbreyttust störf alls staðar á landinu.“

Einnig kemur fram í hagvísir Vífils Karlssonar að af þeim 10 krónum sem ríkissjóður fær í tekjur af Vesturlandi fara aðeins sjö krónur til baka á svæðið. Því sé að mati Vífils ákveðin slagsíða í „ríkisfjárförnuði“ svæðisins eins og hann orðar það.

„Þetta er grafalvarlegt ástand og óviðunandi að þetta sé að gerast þegar menn halda stöðugt áfram að tala um fjölgun starfa á landsbyggðinni,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingkona VG. „Síðan gerist þetta hægt og hljótt á bak við tjöldin. Við þurfum að taka þetta alvarlega og stjórnarmeirihlutinn verður að skoða tillögur sínar við fjárlagagerð með þessar staðreyndir til hliðsjónar.“

sveinn@frettabladid.is

ÚTSALA
15-50%
afsláttur af
umgjörðum

MJÓDDIN
Sími 587 2123

FJÖRÐUR
Sími 555 4789

SELFOSS
Sími 482 3949

augastaður

Gleraugnaverslunin þín



20%
AFSLÁTTUR
Í OKTÓBER

Nicotinell

20% afsláttur af öllu Nicotinell í Lyfjaveri í október

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVÉR.IS

LYFJAVÉR

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

Sjónum beint að nemendum sjálfum

Hermundur Sigmundsson er í forsvari fyrri nýja kennslufræðistofnun. Hann vill nota vísindalegar rannsóknir til að bæta menntakerfið og skoða betur hegðun nemenda. Íslenskir nemendur koma illa út í alþjóðlegum samanburði, svo sem meðal OECD-landanna.

MENNTAMÁL Nýlega var sett á stofn kennslufræðistofnun við Háskólann í Reykjavík. Stofnunin er fyrsta rannsóknarsetur sinnar tegundar hér á landi og mun leggja áherslu á þverfaglegar rannsóknir á taugavísindum, námsgetu, líðan ungmenna og menntun.

Hermundur Sigmundsson, prófessor við íþróttfræðisvið HR og sálfræðideild Norska tækni- og vísindaháskólans, er í forsvari fyrir nýju kennslufræðistofnunina.

„Það hefur verið ríkjandi í kennaramenntun á Íslandi að skoða umhverfisþætti, skólakerfið og aðra ytri þætti. Við viljum líka skoða persónurnar sjálfar, það er að segja nemendurnar, líffræðilega þætti þeirra og hegðun sem hefur áhrif á námið. Fimm til sex prósent nemenda eiga í námserfiðleikum vegna líffræðilegra þátta. 28 prósent íslenskra nemenda þurfa aftur á móti sérkennslu, það er ekki eðlilegt. Okkur vantar betri rannsóknir á lykilorðum menntunar og beina sjónum að einstaklingunum til að lækka þetta hlutfall.“

Rannsóknir eru þegar hafnar á samspili hreyfingar og náms, áhrifum félagslegra þátta á heilsu og hegðun unglunga og mun á líðan og námsárangri drengja og stúlkna.

„Tökum sem dæmi Óla sem er í fyrsta bekk. Hann er órólegur og einbeitingarlaus í skólanum og kannski vill hann helst vera úti að leika sér. Þá er spurningin hvort það væri

betra fyrir Óla að byrja skóladaginn á öflugri hreyfingu. Því við vitum að hreyfing býr til ró og einbeitingu.“

Hermundur vill rannsaka þetta betur og almennt notast við fremstu vísindi í menntaþróun.

„Fremstu vísindamenn í heiminum hafa til dæmis rannsakað út frá taugavísindum að hljóðaðferðin svokallaða er besta aðferðin til að nota í byrjun lestrarkennslu. Eftir að barnið er komið með þann grunn er hægt að nota ýmsar aðrar aðferðir sem fela í sér nægar áskoranir. Mér finnst eðlilegt að stuðst sé við þau fræði og rannsóknir sem hafa birst í alþjóðlegum vísindaritum og sem stórar þjóðir hafa tileinkað sér – og rannsaka sjálf aðra hluti sem okkur vantar skýringar á. Stundum erum við að skapa meiri vandamál með nýjum leiðum í stað þess að styðjast við rannsóknir.“

Von Hermundar er að kennarar, fræðimenn og rannsakendur geti átt gott samstarf á nýju stofnuninni.

„Við eigum að hætta að taka manninn og skoða boltann betur. Við viljum öll betra menntakerfi. Við ættum að geta sparað mikla fjármuni með því að vinna markvisst að því að skapa betri grunn fyrir nemendur og nota þá bestu aðferðafræðina með úrvals rannsóknum, hlusta á kennarana sem hafa alltaf náð mjög góðum árangri með sína nemendur og fá prófessorana með okkur í lið.“

erlabjorg@frettabladid.is



Hermundur segir ekki eðlilegt að svo margir nemendur á Íslandi þurfi sérkennslu og því þurfi að rannsaka hvernig bæta megi grunninn. NORDICPHOTOS/GETTY

Námsstefna um lestrarkennslu

Í tilefni nýrrar kennslufræðistofnunar er haldin námsstefna í dag um raunprófaðar aðferðir í lestrarkennslu. Námsstefnan er haldin í samvinnu við Opna háskólann og er sérstaklega ætluð grunnskólakennurum á fyrsta námsstigi en er opin öllum. Fjallað verður um færniþróun, áhugahvöt og raunprófaðar aðferðir í lestrarkennslu. Námsstefnan hefst klukkan 13.00 í HR.

Staðan í alþjóðlegum samanburði

Innan OECD eru þrjátíu og fimm lönd. Staða Íslands:

21. sæti í stærðfræði

29. sæti í náttúrufræði

28%

íslenskra nemenda eru í sérkennslu, átta prósent í Noregi

Fremstu vísindamenn í heiminum hafa til dæmis rannsakað út frá taugavísindum að hljóðaðferðin svokallaða er besta aðferðin til að nota í byrjun lestrarkennslu.

Hermundur Sigmundsson, prófessor við íþróttfræðisvið Háskólans í Reykjavík



UP! MED STUÐIÐ

e-Up! rafmagnsbíll; verð frá
2.990.000 kr.



UPPFÆRSLUBÓNUS
VOLKSWAGEN
+65.000 kr.



Litla ljósið með snerpuna í lagi.

Volkswagen e-Up! er enginn venjulegur smábíll. Þú kemst fljótt að því þegar þú prófar hvað hann er snarpur og mikill stuðbolti. Settu þig í samband við okkur og prófaðu nýjan e-Up! rafmagnsbíl.



Das Auto.

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Þangað leitar klárinn...



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Antoine Hrannar Fons er ungur maður sem sýndi mikið hugrekki þegar hann kom opinberlega fram í viðtali við Viktoríu Hermannsdóttur í helgarblaði Fréttablaðsins. Um langt skeið var Antoine Hrannar beittur grófu andlegu og líkamlegu ofbeldi af sambýlismanni sínum og á þessum tíma brást hann við eins og svo margir þolendur heimilisofbeldis og leitaði í sífellu aftur þangað sem hann var kvaldastur.

Heimilisofbeldi, bæði andlegt og líkamlegt, er sérdeilis erfiður víthringur að rjúfa fyrir þolendur. Eðli málsins samkvæmt eiga gerandi og þolandi sér sameiginlega sögu og eru bundnir böndum á ótalmörgum sviðum daglegs lífs. Saga Antoinés Hrannars er því ekkert einsdæmi heldur þvert á móti lýsandi fyrir þau bönd sem binda þolendur heimilisofbeldis við gerendur. Og oftar en ekki þurfa þolendur mikla hjálp til þess að losa þessi bönd og komast burt frá gerendum heimilisofbeldis.

Þegar heimilisofbeldi er annars vegar þá er óneitanlega langalgengast að konur séu þolendur og karlar gerendur. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að heimilisofbeldi spyr hvorki um stétt né stöðu. Það er að finna í öllum lögum samfélagsins og innan hinna ólíkustu heimila. Þetta vita yfirvöld fullvel og því er ábyrgðin alltaf ein og sú sama: Yfirvöldum ber að koma þolendum heimilisofbeldis til hjálpar með öllum tiltækum ráðum innan ramma laganna. Án undantekninga.

Að ákæra liggja óhreyfð í bunka á borði lögreglumanns svo mánuðum skiptir er óafsakanlegt með öllu. Að lögreglumenn skutli blóðugum þolanda heimilisofbeldis aftur af heim og skilji hann eftir hjá ofbeldismanninum er með hreinum ólíkindum. Auðvitað er ekkert hægt að fullyrða um ástæðu þess að svo skyldi fara. Hvort það megi rekja til þess að hér var á ferðinni karlmaður sem varð fyrir ofbeldi karlmanns, eða að lögreglan sé svo undirmynduð að svo mikilvæg mál komist ekki í verk eða hver sem ástæðan er þá sér hver heilvita manneskja að þetta er ekki í lagi.

Vinnubrögð af þessu tagi gera þolendum ofbeldis afar erfitt að rjúfa víthringinn sem þeir búa við á hverjum degi. Og þau gera það líka að óárennilegum kosti að leita til lögreglunnar í viðleitni sinni til að sækja sér skjól og vörn. Þessu þarf að breyta. Árið 2011 voru samþykkt hér lög, kennd við austurrísku leiðina, sem gera lögreglunni heimilt að fjarlægja ofbeldismenn af heimilum sínum. Lög sem er ætlað að styrkja réttarstöðu þolanda ofbeldis og þá sérstaklega heimilisofbeldis. En lögin eru ekki mikils virði ef það að framfylgja þeim byggir á geðþóttaákvörðunum sem eru jafnvel teknar undir miklu álagi.

Innanríkisráðherra verður að sjá til þess að farið verði vandlega ofan í saumana á þessum málum. Ferlar þurfa að vera skýrir og afdráttarlausir, kærur að vinnast af fagmennsku og öryggi og umfram allt þarf að sjá til þess að öllum þolendum sé tryggður stuðningur og öryggi til frambúðar. Því án undantekninga verðum við sem samfélag að leita allra leiða til þess að uppræta allt ofbeldi, óháð því hversu stór og sterkur þolandinn er hverju sinni.



Vinnubrögð af þessu tagi gera þolendum ofbeldis afar erfitt með að rjúfa víthringinn sem þeir búa við á hverjum degi. Og þau gera það líka að óárennilegum kosti að leita til lögreglunnar í viðleitni sinni til að sækja sér skjól og vörn.

Halldór



Frá degi til dags

Forgangsröðun ráðherra
Illugi Gunnarsson, ráðherra menntamála, mætti á ráðstefnu um læsi barna í Háskólanum á Akureyri um helgina. Fjölmennti sótti ráðstefnuna til að ræða um læsi. Menntamálaráðherra setti auðvitað tóninn fyrir í haust þegar hann setti umræðu um læsi á dagskrá. Því voru margir sem sóttu ráðstefnuna óánægðir með forgangsröðun ráðherrans. Í stað þess að eiga orðastað við sérfræðinga sem hann hafði gagnrýnt á sínum tíma, hélt hann fimmtán mínútna framsögu. Eftir það rauk ráðherra á dyr til þess að ná flugi suður til höfuðborgarinnar. Hann átti vist bókað sæti á landsleik í knattspyrnu.

Öllum að óvörum
Þau undur og stórmerki gerðust í gær að forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tilkynnti þjóðinni ekki hvort hann hygðist bjóða sig fram áfram til embættis. Þjóðin sat límd við viðtækin þegar Ólafur spjallaði við Sigurjón M. Egilsson í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni. Flestir bjuggust við því að Ólafur, sem hefur ekki gefið fjölmöðlum kost á viðtali við sig mjög lengi, myndi tilkynna um áform sín í þættinum – enda aðeins tæpt ár í kosningar. Ólafur kom öllum að óvörum þegar hann sagðist ekki vera búinn að ákveða sig. Merkilegt – þar sem hann er almennt vanur að vera svo afdráttarlaus um þessa ákvörðun – í þau fjögur skipti sem hann hefur tekið hana. Eða ekki. sveinn@frettabladid.is fanney@frettabladid.is

Nýjar kenningar um réttarheimildir?



Jón Steinar Gunnlaugsson
lögfræðingur

Ein þýðingarmesta námsgreinin í lagadeildum háskólanna fjallar um réttarheimildir. Með því hugtaki er átt við þann efnivið sem má nota til að komast að niðurstöðu í lögfræðilegum álitamálum. Þar er fjallað um hverjar réttarheimildir séu og hvar þær sé að finna. Sett lög eru auðvitað þýðingarmesta og skýrasta réttarheimildir. Í stjórnarskránni er skýrlega kveðið á um að dómendur skuli í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögnum. Til annarra heimilda þarf svo einnig að grípa þegar settum lögum sleppir, og eru þar til taldir lögöfnun, réttarvenja, eðli máls og fordæmi svo dæmi séu tekin.

EKKI hef ég á æviferli mínum í lögfræðinni, fyrr en þá núna, orðið var við að tiltakanlegur ágreiningur væri um þessi meginatriði í aðferðafræði lögfræðinnar. Nú virðist slíkur ágreiningur hins vegar kominn upp, eða hvað? Haldið er fram þeim kenningum að eitthvað allt annað en hefðbundnar réttarheimildir eigi að koma til sögunnar við úrlausn lögfræðilegra ágreiningamála. Dómstólarnir eigi að vera skipaðir dómurum sem talist geta „þverskurður af fólkinu í landinu“.

EKKI verður betur séð en þessi torkennilega krafa feli í sér ósk um að dómstólar starfi eftir einhvers konar mælingu á viðhorfi almennings til úrlausnarefnanna, þó að ekki sé þá jafnframt tekið fram hvort það eigi að vera viðhorfið fyrir eða eftir hádegi, svo hverful og breytileg sem slík ætluð viðhorf eru.

Tryggvi Gíslason gerist talsmaður þessara viðhorfa, nú síðast í Fréttablaðinu sl. föstudag. Um leið sendir hann mér kveðjur og telur mig halda fram „sjónarmiðum úreltrar lögspeki þar sem talið var að lög væru óskeikul guðs lög en ekki mannasetningar“. Hvar í ósköpunum hefur maðurinn fengið tilefni til þess að segja þetta um skoðanir mínar?

Málflutningur Tryggva helgast af því að hann vill falla vissum hluta lesenda í geð. Sumir kalla þetta lýðskrum. Þrátt fyrir allt sem miður fer í okkar ófullkomna samfélagi tel ég mig geta fullyrnt að viðhorf Tryggva Gíslasonar um geðþóttann í stað laganna mun ekki ná viðurkenndri fötffestu á næstunni í íslenskri lagaframkvæmd, þó að þau kunnir svo sem að hafa raunveruleg og óheimil áhrif á einstakar dómsúrlausnir.

LÍFIÐ HELDUR ÁFRAM Í OKTÓBER!

STÓRSKEMMTILEGT

Lífio drullumall

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA SÝNT Í TJARNARBÍÓ

Áðeins örfáar sýningar:

Sun. 18. okt. kl. 13.00
Sun. 1. nóv. kl. 13.00
Sun. 15. nóv. kl. 13.00
Sun. 22. nóv. kl. 13.00

Gríman 2015
Barnasýning ársins
Sproti ársins

★★★★★
-DV

★★★★★
-S.J. Fréttablaðið

MÍNASALA Á MÍDI. IS OG Í TJARNARBÍÓ

Þakkarskuldir

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

Illugi Gunnarsson stendur í þakkarskuld við Hauk Harðarson. Sá sáðar-nefndi hljóp undir bagga með Illuga og keypti af honum íbúð og leigir honum svo; einnig hefur komið fram þriggja milljóna greiðsla fyrir ráðgjafarstörf til ráðherra frá Orku energy, fyrirtæki Hauks sem Illugi starfaði um hríð hjá, og virðist einna helst hafa verið fyrirframgreiðsla á eftirgreiddum launum – eða var það öflugt? Illugi er ráðherra menntamála og áhrifamaður innan Sjálfstæðisflokksins en Haukur er forstjóri Orku energy (einkennilega stagsamt nafn), einkafyrirtækis í orkuvinnslu, sem gæti átt mikið undir velvilja og fyrirgreiðslu stjórnvalda. Bláðið Stundið hefur haldið uppi þrífaldlegum spurningum til Illuga um þessi tengsl en hann ekki verið til viðtals um þau, fyrr en nú að hann kaus að tala við Fréttablaðið til að útskýra sína hlið. Þar segir hann að auðvelt sé að vera vitur eftir á. Við hin sjáum stjórn-málmann sem ekki segir frá hagsmunatengslum sínum nema nauðbeygður.

Eftirávíska og fyrirframgreiðsla

Tvennt er til vitnis um að stjórn-mál-menn séu í vandræðum: það er þegar þeir þurfa að velja sér fjölmiðla sem þeir treysta sér til að svara spurningum frá, og svo er hitt sem er óbrigðull vitnisburður um að stjórnmalamaður sé í verulegum vanda: þegar þeir segja að auðvelt sé að vera vitur eftir á. Er það? Ætli það hljóti ekki að vera erfitt að vera vitur eftir á? Það táknað að maður hefur verið heimskur fyrirfram. Þetta er eitt af þessum fánlegu orðatiltækjum sem hafa fest rætur í íslenski orðræðu og hljóma ævinlega úr munni þeirra sem uppvisir hafa verið að einhverjum heimskupörum.

Eflaust er það rétt sem verjendur

Illuga hafa nefnt, að Orku energy hefði fengið að kynna lausnir sínar í Kína í ferð forseta Íslands þangað, hvað sem liður tengslum fyrirtækisins við Illuga – en þá hefði Illugi líka betur haldið sig fjarri þeim fundarhöldum, í stað þess að ljá fyrirtækinu einhvers konar ráðherravottun með nærveru sinni þar. Hvaða hlutverki gegndi hann á fundinum? Var hann ennþá að sinna ráðgjafarstörfum eða var hann þarna sem ráðherra menntamála á Íslandi? Að fjalla um orkumenntamála?

Hér er fámenni og návigi: frændsemi og ættavensl, gamlar skólasamvistir, vinnuhópasniðmengi. Samskipti eru óformleg og fara fram undir radar – í matarboðum, í sturtuklefum, við snaga á leikskólum og þannig mætti áfram telja: við rekumst hvert á annað öllum stundum og smám saman verður til hjá okkur net hagsmunna- og kunnleikatengsla, sem ekki er neikvætt fyrirbæri í sjálfu sér – síður en svo: þetta er samfélagið, þar sem við fylgjumst hvert með öðru og hjálpumst jafnvel að, þegar svo ber undir og einhver þarf á slíku að halda.

Það er gott. Og gott er að Illugi Gunnarsson eigi góðan vin í Hauki Harðarsyni. Þess getum við vel unnt honum. Það breytir því hins vegar ekki að trúverðugleiki Illuga sem ráðherra hefur beðið hnekki. Það verður líka að segjast eins og er að manni þykir hann hafa valdið margvíslegum vonbrigðum í störfum sínum sem ráðherra. Hann stóð ekki vörð um það eina sem skiptir raunverulegu máli í því að efla lestur og læsi – að gera lesefni aðgengilegt fyrir börn og ungmenni; skólabókasöfn eru svelt, bókaútgáfa er skattlögð; hann hefur ekkert hirt um að koma þaki yfir höfuðið á náttúruminjasafni jafnvel þótt tóm og tilgangslaus Perlan standi þar til boða;



tilkynning ríkisstjórnarinnar frá í vor um að ráðast nú loks í að reisa Hús íslenskra fræða fyrir 2018 hvarf aftur ofan í Holu íslenskra fræða og sá hvergi stað í fjárlagafrumvarpinu þegar kom fram á haust; hann hefur búið til kommisara-apparat í menntamálum sem virðist líta á það sem hlutverk sitt að fjanðskapast við kennara og innleiða bandprjóns-aðferðina við lestrarkennslu hvað sem það kostar; hann hefur ekki einu sinni getað staðið vörð um starfsemi tónlistarskólanna sem er nú í hættu – og hefur þó tónlistariðkun borið hróður Íslendinga víðar um heiminn en nokkuð annað.

Hótun í garð RÚV?

Það er ef til vill til marks um þá seinheppni sem hefur einkennt framgöngu Illuga í starfi menntamálaráðherra, að hann skyldi fara að tjá sig sérstaklega um málefni Ríkisútvarpsins í Fréttablaðinu nú um helgina, við sama tækifæri og hann útskýrði loksins sína hlið á samskiptum sínum við Orku energy. Hann fór sem sé að fimbulfamba um að hann væri hugsi yfir fréttastofu Ríkisútvarpsins, hvort starfsemi hennar væri ekki of umfangsmikil á tímum þegar nóg framboð sé á efni frá erlendum

fréttaveitum – kannski vill hann bara að fólk horfi á Fox, það er ekki gott að vita hvað bærst í höfði ráðherra, en óneitanlega eru þessar vangaveltur sérlega óheppilegar fyrir hann og RÚV svona í beinu samhengi við það að hann þarf nú sjálfur að búa við fréttaplutning og eftirgrennslanir fréttamanna og blaðamanna um þakkarskuldir sem hann vill sem minnst ræða. Fyrir vikið koma þessar bollalengingar út eins og hótun, af því tagi sem Vigdís Hauksdóttir varð alræmd fyrir, þegar hún minnti á stöðu sína í fjarveitingar-nefnd og setti í samhengi við óánægju sína með fréttaplutning RÚV.

Það þarf að vera hæfið yfir allan vafa að stjórnmalamaðmenn nýti ekki aðstöðu sína við útdelingu gæða og hygli þeim sem þeir kunna að standa í þakkarskuld við – og því er æskilegt fyrir stjórnmalamaðmenn (líkt og dómara – og fréttamenn) að vera eins og mögulegt er óháðir öðrum um fjármál. Og stjórnmalamaðmenn verða að stilla sig um að beita valdi sínu gagnvart almannastofnunum til að jafna persónulegar sakir eða reyna að þagga niður í frjálstri umræðu frjálstra fjölmiðla sem starfa í þágu almennings og upplýstrar umræðu.



Það breytir því hins vegar ekki að trúverðugleiki Illuga sem ráðherra hefur beðið hnekki.



Innovation that excites

NISSAN MICRA

NETTUR, ÓDÝR OG HLAÐINN BÚNAÐI



NISSAN MICRA VISIA
ELDSNEYTISNOTKUN 5,0 L/100 KM*

VERÐ FRÁ: **1.990.000 KR.**

Staðalbúnaður er meðal annars: Handfrjáls Bluetooth simabúnaður, hiti í sætum, aðgerðahappar í stýri, rafknúid léttstýri, ESP stöðugleikastýring og AUX tengi fyrir iPod o.fl.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bva.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Ísland haldreipi hollensku stjarnanna

Íslensku landsliðsstrákarnir þurfa bara að treysta á sig sjálfa í baráttunni um toppsæti A-riðils undankeppni EM 2016 þrátt fyrir að hafa misst Lettaleikinn niður í jafntefli um helgina. Íslenska liðið var ósigrað á Laugardalsvelli í undankeppninni sem hefur ekki gerst áður.

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðinu tókst ekki að vinna Lettland en strákarnir okkar héldu áfram að endurskrifa íslenska knattspyrnu-sögu með því að gera jafntefli við Lettana á laugardaginn. Þetta er fyrsti undanriðill karlalandsliðs Íslands fyrir HM eða EM þar sem íslenska landsliðið tapar ekki leik á Laugardalsvelli.

Íslenska liðið gerði reyndar „bara“ jafntefli í síðustu tveimur heimaleikjum sínum á móti tveimur neðstu liðum riðilsins en hafði áður unnið leiki sína við Tyrkland, Holland og Tékkland í Laugardalnum. Ísland hafði minnst áður tapað einum heimleik í undanriðli en því hafði íslenska liðið náð átta sinnum. Nú er liðið hins vegar ósigrað í fimm heimaleikjum sínum.

Kolbeinn Sigþórsson og Gylfi Þór Sigurðsson komu Íslandi í 2-0 í fyrri hálfleik en íslenska liðið var óþekkjanlegt í seinni hálfleiknum þar sem Lettar náðu að tryggja sér jafntefli. Íslenska liðið getur síðan þakkað Tyrkjum fyrir að liðið er áfram í toppsæti A-riðilsins því Tyrkir unnu Tékkna 2-0 í Tékklandi.

HÆSTA HLUTFALL STIGA ÍSLANDS Í HEIMALEIKJUM Í UNÐANKEPPNI HM EÐA EM:

1. EM 2016	73,3 % (11 stig af 15)
2. HM 2002	66,7 % (10 af 15)
2. EM 2000	66,7 % (10 af 15)
4. HM 1994	62,5 % (5 af 8)
5. HM 2014	60,0 % (9 af 15)
6. EM 2004	58,3 % (7 af 12)

Ísland er því með eins stigs forskot á Tékkna fyrir lokaumferðina.

Íslensku strákarnir flugu til Tyrklands í gær þar sem liðið spilar lokaleik sinn við heimamenn á þriðjudaginn. Það er mikið undir fyrir fjórar þjóðir í þeim leik. Ísland er í baráttunni við Tékkna um efsta sæti riðilsins og Tyrkir eru í baráttunni við Hollendinga um þriðja sætið riðilsins og þar með sæti í umspilinu.

Hollendingar, stigalausir í leikjunum tveimur á móti Íslandi, þurfa nú hjálp Íslendinga til að halda EM-draumi sínum á lifi. Hollendingar þurfa nefnilega að ná

STIG LIÐANNA Í A-RIÐLINUM

1. Ísland	20 stig (Markat. +12, 17-5)
2. Tékkland	19 stig (+4, 15-11)
– Liðin eru jöfn í innbyrðisleikjum	
3. Tyrkland	15 stig (+4, 13-9)
4. Holland	13 stig (+4, 15-11)
– Tyrkland er með betri innbyrðisstöðu	
5. Lettland	5 stig (-12, 6-18)
6. Kasakstan	3 stig (-12, 6-18)

betri úrslitum en Tyrkir í síðustu umferðinni þegar Holland tekur á móti Tékklandi á Amsterdam Arena á sama tíma og Ísland spilar við Tyrkland.

Það að litla Ísland sé haldreipi Hollendinga í lokaumferðinni er enn einn kaflinn í þessari ótrúlegu undankeppni sem enginn hefði getað séð fyrir. Íslenska liðið þarf þó ekki að vinna Tyrkjaleikinn fyrir Hollendinga heldur þarf liðið sigur til að tryggja sér sigur í riðlinum og sæti í þriðja styrkleikaflokki (af fjórum) þegar dregið verður í riðla í úrslitakeppninni í Frakklandi. ooj@frettabladid.is



Sex marka maðurinn Gylfi Þór Sigurðsson sést hér á fleygiferð í leiknum á móti Lettlandi á Laugardalsvelli á laugardaginn.

Sætar franskar frá McCain

Vinsælar hjá Íslendingum í mörg ár



Sætu kartöflurnar frá McCain eru ómóttstæðilega bragðgóðar. Þú skellir þeim í ofninn og áður en þú veist af hefurðu töfrað fram girnilegt og gómsætt meðlæti. Prófaðu núna!



Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildir rafverktaki. rafneisti@simnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Viðgerðir

CANDY

Hoover

Varahluta og viðgerðarþjónusta. Rafinn ehf Askalind 7. Kóp. S. 5572040/8923429

KEYPT & SELT

Til sölu

TIL SÖLU

Hefilbekkur til sölu. sími 8970922

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þór, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Atvinnuhúsnæði

GÓÐ FJÁRFESTING

Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubíll í Steinhelli 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Tvö skrifstofuherbergi til leigu á Fiskislóð 75, 101 RVK. Herbergin eru um 25 fermetrar hvort og samsíða í stærra rými. Uppl. í s. 8662052

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Staerðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði



Viljum ráða manneskju í móttöku í hálfu starf. Stundvísi, kurteisi, góð framkoma og almenn tölvukunnátta nauðsynleg. Getum einnig bætt við mönnum í smur og dekkjavinnu. Umsóknir sendist á KvikkFix@KvikkFix.is fyrir 16 okt.

KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR

Óskar eftir duglegum starfsmanni í eldhúsi. Í boði er hlutastarf sem hentar mjög vel með skóla. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Þarf að hafa náð 20 ára aldri.

Allar upplýsingar og ferilskrá sendist á 10dropar@gmail.com

LEBOWSKI BAR

Óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafélk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is

miðlun

Miðlun ehf leitar að söluhöfki til þess að vinna með okkur á kvöldin og um helgar. Við sinnum verkefnum sem felast í jákvæðum símasamskiptum fyrir stofnanir og fyrirtæki. Við viljum ráða alla sem elska að tala í síma. Við þjódum fráberan vinnustað og áhugaverð verkefni. Vinnutíminn er á kvöldin og um helgar, 3-4 vaktir í viku eftir eigin vali. Starfshó hentar vel námsfólki og fólki á öllum aldri sem hefur áhuga á sölu og samskiptum.

Vinsamlega hafð samband við Júlíu í síma 580 8080 eða sendið atvinnuumsókn í netfangið.julia@midlun.is

Kona: Viltu spjalla við heita karla í síma gegn góðu gjaldi? Hitaspjall.eu

TILKYNNINGAR

Einkamál

Kona: leitar þú skyndikynna? RauðaTorgið.is



Söluturninn Jolli í Hafnarfirði óskar eftir að ráða einstaklinga í full starf sem og kvöld og helgarvinnu. Einungis duglegt, áreiðanlegt og samviskusamt fólk kemur til greina. Aðeins 18 ára og eldri. Umsóknareyðublið fást á staðnum. Allar upplýsingar veitir Líney í síma 565-4990 milli klukkan 08-16 alla virka daga.

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS



FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

VERSLUNARTÆKNI

RAUFAPANILL

Tilboð mánaðarins

25% afsláttur

Til á lager:

Raufapanill er fánlegur í hvítum plötum í stærðinni 120 x 240 og 240 x 120 cm. Einnig fánlegur, tilbúinn fyrir sprautun.

Smellulistar: Snap-in smellulista er auðvelt að skipta um og fánlegur í mörgum litum.

Fataslár

Gott verð

VERSLUNARTÆKNI

Dröghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Pöntunarsími: 535 1300

Um helgina

Undankeppni EM kvenna í handb.

Ísland 17–22 Þýskaland

Mörk Íslands (Skot): Karen Knútsdóttir 4/2 (11/2), Hrafnhildur H. Prastardóttir 3 (7), Ramune Pekarskyte 3 (11), Arna Sif Pálsdóttir 2 (4), Anna Úrsúla Guðmundsd. 1 (2), Hildur Þorgeirsd. 1 (2), Steinunn Hansd. 1 (3), Þórey Anna Ásgeirsd. 1 (3) Rut Jónsd. 1 (4). **Florentina Grecu-Stanciu** varði 18/1 skot eða 46% skota sem á hana komu.

Meistarakeppni KÍ í körfubolta:

KK: KR 90–86 Stjarnan

Stigahæstir: Brynjar Þór Björnsson 25, Michael Craion 25/11 frákk., Darri Hilmarsson 19, Pavel Ermolinskij 11/16 frákk./6 stoðs. - Justin Shouse 18, Tómas Heiðar Tómasson 17, Al'lonzo Coleman 16/6 frákk./5 stoðs., Marvín Valdimarsson 15. KR-ingar unnu annað árið í röð.

KVK: Snæfell 79–45 UMFG

Stigahæstar: Haiden Palmer 22 (8 stoðs.), Gunnhildur Gunnarsd. 15, Húgrún Valdimarsd. 12, María Björnsd. 8, Berglind Gunnarsd. 8 - Hrunn Skúlad. 9, Whitney Frazier 9, Jeanne Sicat 8, Björg Einarssd. 8. Snæfellsonur unnu annað árið í röð og í þriðja sinn á fjórum árum.

🐦 **Kæru landsmenn, óþarfi að hafa áhyggjur af Gunnhildi Gunnars. Hún er mætt og það með LÁTUM.**

Karfan.is
@Karfan_is

HANNES FÖR ÚR AXLARLIÐ

Hannes Þór Halldórsson mun ekki standa í marki Íslands á móti Tyrkjum eins og hann hefur gert í fyrstu níu leikjum karlalandsliðsins í undankeppni EM 2016. Hann lenti illa á æfingu í gær og fór úr axlarliði. Hann fór því ekki með liðinu til Tyrklands en í hans stað kölluðu þjálfaramir á Róbert Örn Óskarsson, markvörð FH.



Þjóðir komnar á EM 2016:

1. Frakkland	Gestgjafi EM
2. England, E-riðill	5. september
3. Tékkland, A-riðill	6. september
4. Ísland, A-riðill	6. september
5. Austurríki, G-riðill	8. september
6. Norður-Írland, F-riðill	8. október
7. Portugal, I-riðill	8. október
8. Spánn, C-riðill	9. október
9. Sviss, E-riðill	9. október
10. Ítalía, H-riðill	10. október
11. Belgía og 12. Wales, B-riðill	10. október
13. Rúmenía, F-riðill	11. október
14. Albanía, I-riðill	11. október
15. Þýskaland, D-riðill	11. október
16. Pólland, D-riðill	11. október

ÞORBJÖRG VANN 11. NM-GULLIÐ

Þorbjörg Ágústsdóttir varð um helgina Norðurlandameistari í skyflingum í ellefta sinn á ferlinum þegar hún vann sigur á löndu sinni Aldísi Eddu Ingvarsdóttur í úrslitaleik í Hagaskóla en mótið fór fram á Íslandi að þessu sinni. Þetta er tíunda gull þorbjargar í röð á mótinu en hún fékk góða keppni frá Aldísi Eddu sem komst í 6-3. Þorbjörg fór þá í gang, skoraði næstu níu stig og vann úrslitaleikinn 15-11.



Í dag

16.00 Svíþjóð - Moldóva	Sport 3
18.45 Litháen - England	Sport 2
18.45 Úkraína - Spánn	Sport

18.00 Víkingur - ÍBV	Vikin
19.00 Akureyri - Gróttta	KA-heimilið
19.30 ÍR - Fram	Austurberg
19.30 Afturelding - Haukar	N1 höllin
19.30 FH - Valur	Kaplakríki



Florentina Grecu-Stanciu var besti leikmaður Íslands í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stigalausar eftir tvo leiki

HANDBOLTI Íslensku stelpunum tókst ekki að fá fyrstu stigin í undankeppni EM 2016 þegar þær tóku á móti Þýskalandi á Hlíðarenda. Þýskaland vann 22-17.

Fin vörn og mjög góð markvarsla voru aðall íslenska liðsins en líkt og í tapinu úti í Frakklandi var sóknin hrein hörmung.

Frakkland og Þýskaland eru á góðri leið með að stinga af í riðlinum en bæði hafa fullt hús eftir tvær fyrstu umferðirnar.

„Það er alls ekki slæmt að halda þeim í 22 mörkum og Flora var virkilega góð en við þurfum að

keyra betri hraðauppplau og refsma meira með þeim. Og svo þurfum við auðvitað að vera beittari í uppstilltum sóknarleik,“ sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari liðsins, við Vísi.

Florentina Grecu-Stanciu var 18 skot í leiknum og lét það ekki stoppa sig að vera skotin niður í fyrri hálfleiknum. Ágúst er ekki búinn að gefa upp vonina um að komast í lokakeppnina í Svíþjóð. „Þetta gerir það að verkum að það verður erfitt að komast alla leið en það eru enn fjórir leikir eftir,“ sagði Ágúst en næsti leikur er á móti stíglausu liði Sviss. – óó

Léttara líf í Heilsuborg

Vilt þú vinna með þyngdarstjórnun og ná árangri sem endist? Komdu og taktu fyrsta skrefið í átt að betri heilsu.



Þú ert í góðum höndum hjá okkur því allir þjálfarar og sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi.

Heilsulausnir - léttara líf Kynningarfundur

Þriðjudaginn 13. október

kl. 17:30 í Faxafeni 14

Allir velkomnir

NÝ NÁMSKEIÐ

Heilsulausnir – léttara líf hefst 26. október

Unnið er með hreyfingu, næringu, skipulag daglegs lífs og hugarfar í nýrri útgáfu af þessu vinsæla námskeiði.

Að námskeiðinu standa íþróttfræðingar, hjúkrunarfræðingar, læknir, ástríðukokkur, næringarfræðingar, sjúkrapjálfarar og sálfræðingar.

Þjálfun í hóp með íþróttfræðingi þrisvar í viku kl. 7:20, 10:00 og 17:30.

Aðgangur að líkamsræktinni og opnum tímum sem auka fjölbreytni í þjálfun.

Fræðsludagskrá samkvæmt stundaskrá og stuðningur í lokuðum hópi á facebook.

Sýnikennsla í matreiðslu, smakk, fjölbreyttar uppskriftir og matseðlar.

Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

www.heilsuborg.is



HEILSUBORG

- Þín brú til betri heilsu

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1581 Dómur er kveðinn upp á Patreksfirði sem skyldar alla Íslendinga til þess að eiga vopn.

1683 Böðullinn Sigurður Snorrason finnst látinn í læk á Hvalfjarðarströnd og er bóndinn Jón Hreggviðsson dæmdur fyrir að hafa myrt hann.



1905 Verzlunarskóli Íslands er settur í fyrsta sinn.

1918 Kötlugos hefst.

1962 Kvikmyndin 79 af stöðinni eftir skáldsögu Indriða G. Þorsteinssonar er frumsýnd í Reykjavík.

1968 Sumarólympiuleikar eru settir í Mexíkóborg.

1973 Jóhann Hafstein segir af sér formennsku í Sjálfstæðisflokknum og Geir Hallgrímsson tekur við.

1985 22 punda vatnbleikja, 88 sentimetra löng, veiðist í Skorradalsvatni og er þetta stærsta bleikja sem veiðst hefur á Íslandi.



Auður Auðuns varð fyrst kvenna til að ljúka lögfræðiprófi auk þess að vera fyrsta konan til að gegna embætti borgarstjóra í Reykjavík.

Fyrsti kvenráðherrann skipaður

„Ég leyfi mér sérstaklega að bjóða velkomna til starfa hinn nýja dóms- og kirkjumálaráðderra, frú Auði Auðuns, en það er sögulegur atburður er kona sest í fyrsta sinn í ráðherrastól á Alþingi,“ sagði Jóhann Hafstein forsætisráðherra við upphaf þingfundar í októberbyrjun 1970.

Núna um helgina voru 45 ár síðan Auður Auðuns tók fyrst kvenna við embætti ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Auður var lögmannsmenntuð og var fyrsta konan til að ljúka lögmannsprófi á Íslandi auk þess að hafa verið fyrsta konan til að gegna embætti borgarstjóra Reykjavíkur.

Hún var kjörin á Alþingi árið 1959 fyrir Sjálfstæðisflokkinn og var þingmaður Reykjavíkinga til ársins 1974. Ráðherraembættinu gegndi hún einungis í eitt ár, til ársins 1971, þegar ríkis-

stjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins féll eftir tólf ára stjórnarsetu.

„Ég vona allavega að það verði íslenskum konum hvatning til að gefa sig meira að stjórnámálum en raun er,“ sagði Auður í samtali við Þjóðviljann. „Það væri vissulega æskilegt að konur almennt tækju mun virkari þátt í stjórnámálum, en hvað þetta snertir erum við Íslendingar óneitanlega langt á eftir ýmsum öðrum, meðal annars Norðurlandþjóðunum.“

„Ekki vil ég segja það og hlýtt að taka fram, að karlmennirnir á þingi hafa á allan hátt reynzt mér ágætir félagar og ekki látið mig finna til þess að ég væri kona né á neinn hátt öðruvísi sem þingmaður en þeir. Hinsvegar væri það konu, sem er á þingi, mjög mikill styrkur að konur væru þar fleiri,“ sagði hún. –srs



Ástkær faðir minn og bróðir okkar,

Jörundur Jóhannesson

listmálari,
Nivå, Danmörku,

varð bráðkvaddur á heimili sínu í september síðastliðnum. Útför verður auglýst síðar.

Jóhannes Jörundsson og systkini hins látna.



Patricia Anna Þormar og Unnur Tryggvadóttir Flóvenz leiða morgungöngu fyrir svokallaðar b-týpur í dag. Gangan er hluti af Jafnréttisdögum 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bjóða b-manneskjum upp á morgungöngu

Jafnréttisdagar Háskóla Íslands standa fyrir morgungöngu fyrir þá sem eiga erfitt með að vakna snemma. Skipuleggjendur göngunnar segja halla á b-manneskjur í samfélaginu.

Jafnréttisdagar Háskóla Íslands standa fyrir áhugaverðri nýjung í dagskrá þessarar árlegru hátíðar í dag, morgungöngu fyrir svokallaðar b-týpur. Morgungangan hefst klukkan 14.00 í dag við aðalinngang Háskólatorgs og er hún hugsuð fyrir þá sem eiga erfitt með að vakna snemma á morgnana.

„Hugmyndin var nú upprunalega ekki mín. En hún kemur frá Patricíu Önnu Þormar sem er með okkur í skipulagshóp fyrir Jafnréttisdaga. Þannig var það að einn morguninn fyrir klukkan tíu voru allir frekar þreyttir og þá kom þessi hugmynd,“ segir Unnur Tryggvadóttir Flóvenz, en hún leiðir gönguna ásamt Patricíu Önnu Þormar.

„Það er þínu myndin þú hefur á hafa

morgungöngu eftir hádegi. Þetta er auðvitað hálfgerður brandari en öllu gríni fylgir einhver alvara. Við erum að minnsta kosti tvær í þessum hóp sem eigum mjög erfitt með að virka almennilega fyrir hádegi,“ bætir Unnur við.

Aðspurð hvort það halli á umræddar b-týpur í íslensku samfélagi svarar Unnur játandi. „Já, verandi rosaleg b-týpa sjálf þar sem ég virka best eftir miðnætti get ég alveg sagt það. Skólakerfið miðar við að allir séu vaknaðir og klárir í daginn klukkan átta og flestir vinnustaðir líka,“ segir Unnur.

„Mér finnst þetta mjög skemmtileg hugmynd og ég vona að þetta sé komið til að vera,“ bætir hún við.

„Nú finnst mér vera komin tími til að viðurkenna að b-týpur séu minnihlutahópur því samfélagið gerir ekki ráð fyrir því að við séum ekki öll styllt eins. Ef við gætum ýtt á „resett takka“ þá myndum við gera það, en það er því miður engin slíkur takki á mannslikamanum,“ segir Patricia Anna.

Jafnréttisdagar standa yfir til 16. október næstkomandi en þeir hófust þann fimmta. Meðal annarra dagskrárliða á næstu dögum er fræðsluerindi um kynbundið ofbeldi í dag klukkan 11.40 á Háskólatorgi, málþing um Free the Nipple klukkan 20.00 á miðvikudaginn á Lofti Hosteli og Barsvar ungmennaráðs UN Women degi seinna á sama stað á sama tíma. thorgny@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 12. OKTÓBER 2010

Saksóknarar í landsdómsmáli kosnir

Alþingi kaus þennan dag fyrir fimm árum Sigríði Friðjónsdóttur, þáverandi vararíkissaksóknara og núverandi ríkissaksóknara, til að gegna starfi saksóknara í málinu gegn Geir H. Haarde fyrir landsdómi. Þá var Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra, kjörinn saksóknari til vara.

Þingmennirnir Atli Gíslason, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Margrét Tryggvadóttir og Birgir Ármannsson voru kjörin í þingnefnd Alþingis og voru saksóknaranum til aðstoðar og höfðu eftirlit með málinu.

Fór að lokum þannig að Geir var dæmdur sekur af einum ákæru. Hann hefði átt að halda fleiri ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni fyrstu mánuði ársins 2008 þegar bankahrun blasti við.





SOL GRYNN[®]

Holl, ristuoð hafragryjón


ENNEMM / SIA / NM0911



SÓLSKIN BEINT
Í HJARTASTAÐ

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Mánudagur



Vaxandi suðaustanátt með rigningu víða um land en þó er útlit fyrir þurrk og sólarglennur á norðaustanverðu landinu. Það lægir og styttr upp vestan til í kvöld, en þá bætir í úrkomuna suðaustan til.

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6° ↖ 2	4° ↗ 5	3° ↑ 1
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
9° ↑ 12	9° ↑ 10	-0° ↙ 4

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6° → 8	4° → 16	3° ↗ 13
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
4° ↗ 5	5° ↘ 9	0° ↗ 9

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- varsla
 - 950
 - fjór
 - fugl
 - ekki heldur
 - gaffl
 - gróðabrall
 - yfirlíð
 - berja
 - gröm
 - frá
 - réttur
- LÓÐRÉTT**
- samtals
 - frá
 - leiðbeining
 - viður
 - andmæli
 - meiðsli
 - viðmót
 - þukla
 - skyggni
 - tveir eins

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

Sudoku

LÉTT

8			9					5
	1			2	6			
6	2	7					8	1
	7	8		4				
2	4							9
3		9						7
			5	7		6		
5			4	9	3			
			6	8	1		4	

MIDLUNGS

				5			1	8
7		4			8		2	3
2					4	6		
		6		5	2	3		
	2			1				8
		9						6
3		1					9	
	5							3
			9		7	8		

ÞUNG

1					5			3
5					2			7
				8	4			1
			4	9				
2			3	7	6			
		1						
	9			1	8			
4			7				9	
	7			5		1		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

8	3	4	9	1	7	2	6	5
9	1	5	8	2	6	7	3	4
6	2	7	3	5	4	9	8	1
1	7	8	2	4	9	3	5	6
2	4	6	7	3	5	8	1	9
3	5	9	1	6	8	4	2	7
4	8	1	5	7	2	6	9	3
5	6	2	4	9	3	1	7	8
7	9	3	6	8	1	5	4	2
9	6	3	5	2	7	1	8	4
7	1	4	6	8	9	2	3	5
2	8	5	1	3	4	6	7	9
8	4	6	9	5	2	3	1	7
5	2	7	3	1	6	9	4	8
1	3	9	7	4	8	5	2	6
3	7	1	8	6	5	4	9	2
4	5	8	2	9	1	7	6	3
6	9	2	4	7	3	8	5	1
1	8	4	9	7	5	2	3	6
5	9	6	1	2	3	4	7	8
7	2	3	6	8	4	5	9	1
8	6	7	4	9	2	3	1	5
2	4	5	3	1	7	6	8	9
9	3	1	5	6	8	7	2	4
3	5	9	2	4	1	8	6	7
4	1	8	7	3	6	9	5	2
6	7	2	8	5	9	1	4	3

Skák

Gunnar Björnsson
Bragi Þorfinnsson (2.414) vann snjalla leið í biskupaendatafli gegn Erni Leó Jóhannssyni (2.123) á Haustmóti TR.

Hvítur á leik

66. Hxb8! Hxb8 69. Bc8 Kf7 70. Ke4 Kf6 71. Kd5 Kf7 72. Ke5 Kg6 73. Ke6 Kg7 74. Kf5 og svartur gaf enda getur hann ekki varið þedinn. Bragi, Einar Hjalti Jensson og Oliver Aron Jóhannesson berjast um sigur á mótinu.

www.skak.is: TR vann Íslandsmót unglingsveita.



Myndasögur

PONDUS

Eftir Frade Øverli

Þá erum við hér enn á ný! Hin árlega keppni í dvergakasti! Og byrjunarliðin í ár eru rosa leg!

En ég er ekki viss um að við getum kallað þessa íþrótt dvergakast lengur!

Nú? Af hverju ekki?

Vegna þess að það voru einhverjir sem tóku nafnið óstínt upp! Svo nú kallast þetta víst keppni í að kasta smávöxnum.

Ah...

Svo það var ekki staðreyndin að dvergum var kastað 50 metra sem fór fyrir brjóstid á þeim? Bara nafnið?

Já, ertu bilaður! Það elska þetta allir!

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Hvað varstu að gera niðri í kjallara, Palli?

Það er þvottadagur.

Frábært! Hvað ætlar þú að setja í margar vélar?

Eina.

Bara eina?

Ég kem alltaf öllu í eina vél.

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Solla! Solla! Solla! Solla! Solla! Solla! Solla! Solla! Solla! Solla! Solla! Solla!

Það er eins gott að þetta sé eitthvað mikilvægt!

Allt sem hefst á ellefu Sollum er augljóslega mjög mikilvægt.





=



Mjólkinn gefur styrk

D-vítamínbætt léttmjólk breytir tímabundið um útlit

D-vítamínbætt léttmjólk hefur tímabundið verið klædd í nýjan búning. Sama holla og góða mjólkinn verður í sparifötunum í takmarkaðan tíma og á meðan streyma 30 krónur af hverri seldri fernu til tækjakaupa á Landspítalanum.

Markmiðið er að safna 15 milljónum.



#mjolkingefurstyrk

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

KLOVN FOREVER
14

EVEREST
12

HÓTEL TRANSYLVANIA 2
L

MARTIAN
12

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðsala og nánnari upplýsingar

Coca-Cola
LAUGARÁS BÍÓ

KLOVN FOREVER
14

EVEREST
12

SICARIO
16

HÓTEL TRANSYLVANIA 2
L

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
KLOVN FOREVER 5:50, 8, 10:10
THE MARTIAN 3D 7, 10
EVEREST 3D 5:30, 8
SICARIO 10:30
HÓTEL TRANSYLVANIA 2 ISL 5

SAMBIÓN

BLACK MASS
JOHNNY DEPP ER STÓRKOSTLEGUR Í HLUTVERKI SÍNU SEM JAMES „WHITEY“ BULGER.
16

EVEREST
12

LEGEND
16

THE INTERN
12

HÓTEL TRANSYLVANIA 2
L

EGILSHÖLL
LEGEND kl. 5:20 - 8 - 10:40
BLACK MASS kl. 5:20 - 8 - 10:35
THE INTERN kl. 8 - 10:35
EVEREST 3D kl. 8
EVEREST 2D kl. 5:20 - 10:35
HÓTEL TRANSYLVANIA 2 ISL kl. 5:20

KEFLAVÍK
LEGEND kl. 10:10
KLOVN FOREVER kl. 8
BLACK MASS kl. 10:45
THE MARTIAN 2D kl. 8

AKUREYRI
LEGEND kl. 8 - 10:45
BLACK MASS kl. 8 - 10:30
THE INTERN kl. 5:30
INSIDE OUT ISL kl. 5:50

ALFABAKKA
LEGEND kl. 5:10 - 8 - 10:45
BLACK MASS kl. 6 - 9 - 10:10
BLACK MASS VIP kl. 10:40
THE INTERN kl. 5:20 - 8 - 10:40
EVEREST 3D kl. 5:20 - 8 - 10:40
EVEREST 2D VIP kl. 5:20 - 8
VACATION kl. 8
INSIDE OUT ISL kl. 5:50

KEFLAVÍK
LEGEND kl. 10:10
KLOVN FOREVER kl. 8
BLACK MASS kl. 10:45
THE MARTIAN 2D kl. 8

AKUREYRI
LEGEND kl. 8 - 10:45
BLACK MASS kl. 8 - 10:30
THE INTERN kl. 5:30
INSIDE OUT ISL kl. 5:50

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

12. OKTÓBER 2015

Myndlist

Hvað? Myndlistarsýningin Kynleikar
Hvenær? 17.00
Hvar? Tjarnarbíó
Kynleikahópurinn lætur aftur til skara skrifa og hleypir sýningunni aftur af stokkunum. Hefur hópurinn stækkað umtalsvert frá síðustu uppsetningu, frá því að vera 14 yfir í að vera 24 listamenn sem sýna samstöðu í verki. Kynleikar áttu upphaf sitt í grasrótargalleríinu Ekksens í ágúst síðastliðnum og voru settir upp í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna. Listamenn Kynleika fjalla í verkum sínum um margbreytilegar hliðar fémínismans og upplifun á sinni verund í fémínísku samhengi. Allir hjartanlega velkomnir.

Leiklist

Hvað? Eldklerkurinn á ferð um Austurland
Hvenær? 20.00
Hvar? Egilsstaðakirkja
Eldklerkurinn Jón Steingrímsson flutti eldmessuna í miðjum Skaft-áreldum, líkt og frægt er orðið. Möguleikhúsið ferðast nú um Austurlandið og bregður á leik, þar sem skoðað er ofan í kjöllinn hver hann var, hvaðan hann kom og hver örlog hans urðu. Í stuttu máli má segja að verði sögð saga frá 18. öld af bónda, lækni og presti, sem þurfa að takast saman á við afleiðingar skelfilegustu náttúruhamfara



Möguleikhúsið er á flakki, og verður í Egilsstaðakirkju í kvöld.

Íslandssögunnar á tímum sem ein-kennidust af örbirgð og undirokun. Miðaverð 3.500 krónur.

Tónlist

Hvað? Mánudagsdjass
Hvenær? 21.00
Hvar? Húrra, Naustunum
Brestur á með djassi á Húrra í kvöld, þar sem mánudagsmæðunni er sýnt í tvo heimana. Aðgangur ókeypis.

Hvað? DJ Anna B
Hvenær? 21.00
Hvar? Lebowski Bar
DJ Anna B þeytir skifum og gleður gesti Lebowski Bars í kvöld. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Magic Monday
Hvenær? 20.00
Hvar? Prikið, Bankastræti

Aldrei er lognmolla á Prikinu og ekki bregður út af vananum þetta mánudagskvöldið. Sannkölluð tónlistarveisla. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Dj Pilsner 2,25%
Hvenær? 22.00
Hvar? Kaffibarinn
Dj Pilsner hristir upp í gestum Kaffibarsins í kvöld. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Trúbadorinn Ellert
Hvenær? 22.00
Hvar? American Bar
Allir geta tekið undir með Ellerti þar sem hann leggur sig fram við að spila þekktar þekjur og vinsælt efni. Aðgangur ókeypis.

Tölvuleikir

Hvað? Íslandsmeistaramótið í FIFA 16
Hvenær? 19.00

Fyrirlestrar

Hvað? Jafnréttisdagar Kynbundið of-beldi og áreitni – fræðsluerindi
Hvenær? 11.40
Hvar? Háskólatorg, HT 104
Formaður fagræðs Háskóla Íslands, Þóra S. Einarsdóttir, fjallar um eðli kynbundins ofbeldis og áreitni. Segir Þóra til að mynda frá því að innan HÍ er skilgreindur farvegur fyrir kvartanir vegna brota, og hvernig slíkt ferli virkar, hvað séu rétt viðbrögð við tilkynningunum.

Hvað? Lifðu þínu eigin lífi! – Málþing á vegum Lausnarinnar
Hvenær? 13.00
Hvar? Bratti, salur Háskóla Íslands í Stakkahlið
Málþing um meðvirkni, orsök og afleiðingar. Rætt verður um hugtakið meðvirkni frá ýmsum hliðum, og leitað svara við spurningum á borð við hvort meðvirkni sé til, hvort hugtakið sé ofnotað og hvort Ísland sé sérstakt hvað varðar meðvirkni í samburði við önnur lönd. Aðalfyrirlesari er Sarah Bridge, félagsráðgjafi og sérfræðingur í áfalla- og uppeldisfræðum Piu Mellody. Miðaverð 4.900 krónur.

Pub quiz

Hvað? Smáþjóða-pubquiz
Hvenær? 20.00
Hvar? Stúdentakjallarinn
Stúdentakjallarinn stendur fyrir smáþjóða-pubquizi þar sem líf og fjör verður í hávegum haft. Aðgangur ókeypis.

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Stille Hjerter .. 18:00, 20:00, 22:15 Hrútar 20:00
In The Basement 18:00 Love 3D 22:00
Fúsi 18:00 Red Army 22:00
Pawn Sacrifice 20:00



Seinna undanúrslitakvöld FIFA16 Íslandsmeistaramótsins fer fram í kvöld á Spot.

Kvittað og deilt – Hefur unnið í þrettán Facebook-leikjum frá því í desember

Guðrún Benediktsdóttir hefur átt gríðarlegri velgengni að fagna í Facebook-leikjum. Hún segir það sannarlega á kostnað ástarinnar, eins og eldgamalt máltæki segir.

„Auðvitað er þetta heppni,“ segir hún fimmtuga Guðrún Benediktsdóttir en hún hefur nú unnið hvorki fleiri né færri en þrettán vinninga í hinum ýmsu Facebook-leikjum síðan í desember. Hún tekur þátt í öllum leikjum sem hún finnur en nennir samt ekki neinu veseni. „Ég tek bara þátt þegar ég þarf að kvitta og deila eða læka.“

Hún fékk snjallsíma í desember og byrjaði strax í kjölfarið að taka þátt í Facebook-leikjunum og sér svo sannarlega ekki eftir því. Hún hefur unnið vinninga sem eru eins fjölbreyttir og þeir eru margir. „Ég hef unnið meðal annars dáleiðslumeðferð, út að borða, súrmat, límmiða til að líma á vegg í barnaherbergi, skartgrip, snyrtidót og ég veit ekki hvað og hvað. Ég þarf að fara skrifa þetta niður svo ég muni þetta,“ segir Guðrún og hlær.

Hún hvetur fólk til þess að taka þátt í Facebook-leikjum en hún hafði áður heyrt fólk tauta yfir því að það væri hreinlega ekki hægt að vinna í leikjum sem þessum. „Fólk hefur verið að tauta yfir því að þetta sé bara plat og djök og það sé ekki hægt að vinna en ég hef náð afsanna það,“ bætir Guðrún við. Þess má til gamans geta að hún var nýbúin að vinna vítamín-

pakka í einum Facebook-leiknum þegar blaðamaður náði tali að henni.

Þegar fólk tekur þátt í leikjum sem þessum er það yfirleitt frekar fjarstæðukenndur draumur að vinna í þeim, enda oft ansi margir sem taka þátt og líkurnar á að maður vinni alls ekki yfirþyrmandi. Í sumar komst hins vegar stúlka í fréttirnar þar sem hún þótti hafa verið einkar heppinn í að vinna í Facebook-leikjum og því áhugavert að sjá að lukkan leikur við fleiri einstaklinga í leikjunum, enda vinningurinn oftast en ekki fjarstæðukenndur draumur.

Spurð út í hvaða vinningur hafa kætt hana mest segist hún muna eftir einu atviki sem hafi verið sérlega skemmtilegt. „Útvarpsmenn á Suðurland FM hringdu í mig í beinni útsendingu til að tilkynna mér að ég hefði unnið í leik hjá sér en það vildi svo skemmtilega til að ég átti afmæli þann dag. Þá vann ég fulla snyrtitösku af Estée Lauder-snyrtivörum sem var mjög skemmtilegt og lífgaði heldur betur upp á afmælisdaginn,“ útskýrir Guðrún létt í lundu.

Það er gömul mýta sem segir að þeir sem heppnir eru í spilum séu óheppnir í ástum en hefur þessi mikla heppni í Facebook-leikjum haft áhrif á ástarmál Guðrúnar? „Ég er því



Guðrún Benediktsdóttir er hér alsæl með hluta vinninganna sem hún hefur unnið. Hér er hún með snyrtitösku og vítamínpakka sem hún vann í Facebook-leikjum fyrir skömmu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

miður mjög óheppin í ástum þannig að það er þínu sannleikur í þessari mýtu, allavega í mínu tilfalli,“ segir Guðrún og glottir. Hún er þó bjartsýn á að hún lokki ástarlukkudísirnar á sitt band á næstunni.

Guðrún ætlar þó engan veginn að hætta að taka þátt í Facebook-leikjum og var einmitt að ljúka við að kvitta og deila í einum leiknum enn þegar blaðamaður talaði við hana. gunnarleo@frettabladid.is

Þeir vinningar sem Guðrún hefur unnið frá því í desember

- Hálsmenn og eyrnarlokkar
- Dáleiðslunámskeið
- Sex skotglös
- Þrjár fötur af súrmat
- Stærsta flugeldatertan frá Björgunarsveitinni í Kópavogi um áramótin
- Límmiðaborði til að setja á vegg í barnaherbergi
- Námskeið á vegum Game Tívi í tölvuleikjaspilun
- Út að borða á Ginger
- Tveir bíomiðar í Smárabíói
- Hamborgaraveisla á Hamborgarabúllu Tómasar
- Snyrtivörutaska full af snyrtivörum frá Estée Lauder
- Tvisvar sinnum unnið vítamínpakka

Möguleg lokun Vínbúðanna vegna verkfalls SFR

Vegna fyrirhugaðra verkfallsaðgerða SFR biðjum við viðskiptavini okkar að hafa í huga að komið gæti til lokunar Vínbúðanna fimmtudaginn 15. október, föstudaginn 16. október, mánudaginn 19. október og þriðjudaginn 20. október.

Laugardaginn 17. október verður opið í öllum Vínbúðum.

Allar nánari upplýsingar um opnunartíma á vinbudin.is

DAGSKRÁ

Mánudagur



LOKAPÁTTUR

20:35

BESTI VINUR MANNINS

Í þessum fráþæra þætti kynnumst við þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og fylgjumst með flottum hundum í þeim aðstæðum sem þeir eru ræktaðir til.

SKEMMTILEGUR
MÁNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

21:00

THE PROF

Vandaðir dramapættir um lækni sem sér fyrir hvað gerist eftir að fólk kveður þennan heim. Aðalhlutverk leikur Jennifer Beals.



21:45

THE LEFTOVERS

Skyndilega hverfur stór hópur fólks sporlaust af jörðinni og við fylgjumst með þeim sem eftir verða. Frábærir þættir úr smíðu HBO.



22:00

A HISTORY OF VIOLENCE

Viggo Mortensen leikur mann sem reynir að flýja undan mafiunni, hefja nýtt líf og eignast fjölskyldu í rólegum smábæ.



20:40

MY DREAM HOME

Tvíburabræðurnir Drew Scott og Jonathan Silver Scott hjálpa þörum að finna, kaupa og gera upp þeirra draumafasteignir.

FRÁBÆR DAGSKRÁ
Á STÖÐ 3!

21:55

THE 100

Spennandi þættir sem gerast í framtíðinni eða 97 árum eftir að kjarnorkusprengrja lagði heiminn eins og við þekkjum hann í rúst.



19:00

ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN
AÐ VILLA

Frábær gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um Sveppa og ævintýralega leit hans að besta vini sínum.



STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Middle
08.25 Hot in Cleveland
08.50 2 Broke Girls
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Um land allt Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót og heimsækir áhugavert fólk.
10.40 Matargleði Evu
11.05 Baby Daddy
11.30 Back in the Game
11.50 Harry's Law
12.35 Nágrannar
12.55 American Idol
14.20 Dallas
15.00 Pretty Little Liars
15.45 Atlas 4D
16.30 How to Live with Your Parents for the Rest of Your Life
16.50 Scooby-Doo! Mystery Inc.
17.15 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag.
19.25 Mike & Molly
19.45 Grand Designs
20.35 Besti vinur mannsins
21.05 Proof
21.50 The Leftovers
22.45 Daily Show. Global Edition
23.15 The Big Bang Theory
23.35 Public Morals
00.15 The Strain
01.00 Last Week Tonight with John Oliver
01.30 Louie
01.50 Bones
02.35 Forever
03.20 The Terminal
05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

07.50 Undankeppni EM 2016
09.30 Undankeppni EM 2016
11.10 Undankeppni EM 2016
12.50 Undankeppni EM 2016
14.30 Meistaradeild Evrópu í handbolta
15.50 Rússland - Svartfjallaland Bein útsending frá leik Rússlands og Svartfjallalands í Undankeppni EM 2016.
18.05 Markapáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
18.35 Úkraína - Spánn Bein útsending frá leik Úkraínu og Spánnar í Undankeppni EM 2016.
20.45 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
21.10 Undankeppni EM 2016
22.50 Undankeppni EM 2016
00.30 Undankeppni EM 2016

SPORT 2

11.25 Undankeppni EM 2016
13.05 Premier League World
13.35 Undankeppni EM 2016
15.15 Undankeppni EM 2016
16.55 Undankeppni EM 2016
18.35 Litháen - England Bein útsending frá leik Litháens og Englands í Undankeppni EM 2016.
20.45 Undankeppni EM 2016
22.25 Messan
23.40 Undankeppni EM 2016

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour
11.45 Inside the PGA Tour
12.10 Presidents Cup
18.10 Golfing World
19.00 Presidents Cup Highlights
19.55 Presidents Cup

STÖÐ 3

17.35 Cristela
17.55 One Born Every Minute
18.45 Pretty Little Liars
19.30 Cougar Town
19.55 Hell's Kitchen
20.40 My Dream Home
21.25 The Mysteries of Laura
22.10 Vampire Diaries
22.55 Cougar Town
23.15 Witches of East End
00.00 Hell's Kitchen
00.40 The Mysteries of Laura
01.25 Vampire Diaries
02.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Ævintýri Tinna
07.23 Elías
07.36 Ofurhundurinn Krypto
08.00 Kalli á þakinu
08.25 Latibær
08.47 Ævintýraferðin
09.00 Könnuðurinn Dóra
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.45 Doddi litli og Eyrnastór
09.55 Sumardalsmyllan
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 UKI
10.54 Tom and Jerry
11.00 Ævintýri Tinna
11.23 Elías
11.36 Ofurhundurinn Krypto
12.00 Kalli á þakinu
12.25 Latibær
12.47 Ævintýraferðin
13.00 Könnuðurinn Dóra
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.45 Doddi litli og Eyrnastór
13.55 Sumardalsmyllan
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.45 UKI
14.50 Tom and Jerry
15.00 Ævintýri Tinna
15.23 Elías
15.36 Ofurhundurinn Krypto
16.00 Kalli á þakinu
16.25 Latibær
16.47 Ævintýraferðin
17.00 Könnuðurinn Dóra
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.45 Doddi litli og Eyrnastór
17.55 Sumardalsmyllan
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.45 UKI
18.50 Tom and Jerry
19.00 Algjör Sveppi og töfraskápurinn

Svampur Sveinsson, kl.
10.24, 14.24 og 18.24

GULLSTÖÐIN

17.55 Two and a Half Men
18.20 Friends
18.45 New Girl
19.10 Modern Family
19.30 Super Fun Night
19.55 Sjálfstætt fólk
20.35 Eldsnögg með Jóa Fel
21.05 Sisters
21.55 The 100
22.40 Fringe
23.25 Super Fun Night
23.45 Sjálfstætt fólk
00.55 Eldsnögg með Jóa Fel
00.50 Sisters
01.35 The 100
02.20 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

12.10 Justin Bieber's Belive
13.45 Five Star Day
15.25 Men in Black
17.05 Justin Bieber's Belive
18.40 Five Star Day
20.20 Men in Black Bráðskemmtileg ævintýramynd frá 1997 með Will Smith og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum. Svartklæddu mennirnir starfa hjá óopinberri leynipöngustu sem sett var á laggirnar til að hafa augu með öllum geimverum sem hafa sest að hér á jörðinni. Dag inn fá þeir veður af hættulegu ráðabruggi sem gæti endað með tortímingu allra jarðarbúa.
22.00 A History of Violence
23.40 Parker
01.40 The Salvation Kvikmyndin er dramatiskur vestri af bestu gerð. Mads Mikkelsen leikur friðsælan landnámsmann, Jon, sem siglir árið 1870 til Bandaríkjanna til að skapa sér og fjölskyldunni betra líf. Sjó árum síðar er hann búin að koma sér fyrir og sendir þá eftir eiginkonunni og syni. Þegar mæðginin eru loksins komin til Jons verða þau fyrir áras illmenna og eiginkonan og sonurinn eru drepin. Jon eltir árasarmennina og nær að drepa höfuðpaurinn.
03.10 A History of Violence

RÚV

16.15 Rokk- og poppsaga Íslands
17.15 Öldin hennar
17.20 KrakkaRÚV
17.21 Hvolpasveitin
17.45 Um hvað snýst þetta allt?
17.50 Loppulúði, hvar ertu?
18.03 Skúli skelfir
18.15 Tákn málsfréttir
18.25 Á götunni
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir (30)
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Kynslóð jarðar
21.00 Brúin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðufréttir
22.20 Þungur hnifur
00.10 Kastljós
00.40 Fréttir
00.55 Dagskrárlök

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Biggest Loser
09.45 The Biggest Loser
10.30 Pepsi MAX tónlist
13.30 Cheers
13.55 Dr. Phil
14.35 The Office
15.00 Scorpion
15.45 America's Funniest Home Videos
16.10 Pig Farm
17.05 Reign
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Late Late Show
19.50 Younger
20.15 Top Chef
21.00 Hawaii Five-0
21.45 CSI. Cyber
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 Blood & Oil
00.35 Ray Donovan
01.20 Hawaii Five-0
02.05 CSI. Cyber
02.50 The Tonight Show
03.30 The Late Late Show
04.10 Pepsi MAX tónlist

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-iðFM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ÞVOTTADAGAR

AEG hafa verið vinsælustu þvottavélar á Íslandi í áratugi og eru enn, og tæknilega fullkomnari.

22% afsláttur af öllum AEG þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum.



HxBxD: 89x40x62

22% afsláttur

3JA ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 61460TL
Tekur 6 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 93.520,-
Verð áður kr. 119.900,-



22% afsláttur

ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3JA ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 62271F
Tekur 7 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 85.720,-
Verð áður kr. 109.900,-



22% afsláttur

ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3JA ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 62471F
Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 93.520,-
Verð áður kr. 119.900,-



22% afsláttur

ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3JA ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 76485FL
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótör. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 116.920,-
Verð áður kr. 149.900



22% afsláttur

AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS

T61270AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

Nú kr. 95.520,-
Verð áður kr. 119.900,-



22% afsláttur

AEG

UPPÞVOTTAVÉL

FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 101.320,-**
Verð áður kr. 129.900,-

STÁL **Nú kr. 109.120,-**
Verð áður kr. 139.900



22% afsláttur

AEG

UPPÞVOTTAVÉL

F66692MOP
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 43db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 116.920,-**
Verð áður kr. 149.900,-

STÁL **Nú kr. 124.720,-**
Verð áður kr. 159.900



22% afsláttur

ZANUSSI

ÞVOTTAVÉL

ZWF61200WK
Tekur 6 kg af þvotti, 1200 snúninga vinda og sjálfvirk vatnsskömmtun.

Verð áður kr. 79.900,-

Nú kr. 62.320,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÓÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------

Íslenskur trommuleikur í einum vinsælasta hljóðbanka heims

Arnar Þór Gíslason trommari og Birgir Jón Birgisson upptökustjóri eiga trommuleikinn í hinum vinsæla EZdrummer-hljóðbanka. Var trommuleikurinn tekinn upp í hinu viðfræga hljóðveri Sigur Rósar, Sundlauginni.

Upptökustjórinn Birgir Jón Birgisson og trommuleikarinn Arnar Þór Gíslason tóku upp trommuhljóð og trommutakta fyrir einn vinsælasta hljóðbanka sem til er, EZdrummer. Um er að ræða hugbúnað fyrir hljóð- og upptökuvinnslu, sem er hljóðbanki undir nafninu Post-Rock EZX, undirhljóðbanki fyrir EZdrummer, og inniheldur hann trommuhljóð, trommutakta og annað tengt trommuleik, sem Arnar Þór spilaði inn og Birgir Jón tók upp. Upptökurnar fóru fram í hljóðverinu Sundlauginni, sem er til húsa í Mosfellsbæ, og í höfuðstöðvum fyrirtækisins Toontrack, sem framleiðir hugbúnaðinn í Svíþjóð.

„Þeir hjá Toontrack höfðu samband við mig og spurðu hvort þetta væri mögulegt. Þeir voru búnir að kynna sér katalóginn og hvað við höfum verið að gera hérna í Sundlauginni og vildu vísa í þá tónlist og tónlistarstefnu sem við höfum verið að vinna í Sundlauginni. Ég ákvað að heyra í Adda því við höfum unnið mikið saman og hann var til í að gera þetta,“ segir Birgir Jón um ferlið.

Hljómsveitin Sigur Rós átti Sundlauginna á sínum tíma og tók mikið upp þar en sveitin hefur verið ein fremsta Post Rock-hljómsveit í heimi í seinni tíð. „Sundlaugin er með sitt sánd og þeir eru hrifnir af því,“ bætir Birgir við.

„Þetta var rosa gaman, það fór alveg heil vika í þetta. Ég spilaði lítið af trommutöktum því í svona vinnu eru meira tekin upp stök trommuslög. Ég hef til dæmis spilað svona hundrað mis-



Arnar Þór Gíslason spilaði á fjögur trommusett í upptökunum, ásamt því að nota ótal málmgjallir og annan búnað. MYND/MIKAEL STENBERG

ÉG SPILAÐI LÍTIÐ AF TROMMUTÖKTUM ÞVI Í SVONA VINNU ERU MEIRA TEKIN UPP STÖK TROMMUSLÖG. ÉG HEF TIL DÆMIS SPILAÐ SVONA HUNDRAÐ MISMUNANDI SLÖG Á EINA SNERILTROMMU, ALLT FRÁ MJÖG STERKU YFIR Í MJÖG VEIKT,“

munandi slög á eina sneriltrommu, allt frá mjög sterku yfir í mjög veikt,“ segir Arnar Þór um verkefnið.

Í upptökunum notaði Arnar Þór fjögur mismunandi trommusett, alls kyns málmgjallir og önnur slagverks-hljóðfæri.

Toontrack hefur farið um allan heim, í alls kyns hljóðver til þess að taka upp hljóð fyrir hljóðbankana sína og hefur fengið þekktu upptökustjóra og trommuleikara til að vinna fyrir sig.

gunnarleo@frettabladid.is



Birgir Jón Birgisson er hér einbeittur á svip í stjórnklefanum í Sundlauginni. MYND/MIKAEL STENBERG

Hvað er EZdrummer?

EZdrummer er trommuhljóðbanki sem menn geta notað í hljóðvinnslu og upptökum. Undir EZdrummer er fjöldi svokallaðra undirhljóðbanka, en nöfn þeirra vitna í þann stíl sem einkennir hvern banka fyrir sig. Birgir Jón og Arnar Þór unnu að hljóðbanka sem heitir Post-Rock EZX, þar er að finna hljóð sem einkenna Post Rock-tónlistarstefnuna. EZdrummer er einn vinsælasti hljóðbanki í heimi, með tugi þúsunda notenda og er hann seldur í Hljóðfæraklefanum og Tónabúðinni.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

LANDSBRAUÐ

Til styrktar Slysavarnafélaginu Landsbjörg

Íslenskir bakarar vilja vekja athygli á hollustu trefjaríkra brauða. Trefjarík blanda af höfrum, byggi og rúgi stuðlar að eðlilegri og góðri meltingu. Bakarar hafa nú á boðstólum Landsbrauð sem er trefjaríkt hollt brauð. Landsbrauð er mjúkt, milt á bragðið og einstaklega ljúffengt.

Slysavarnafélagið Landsbjörg fær 30 kr. í sinn hlut af hverju seldu brauði, til styrktar einungum félagsins.



Landsbrauð er trefjaríkt og inniheldur m.a. heilmalað korn.



ÞVOTTAEFNI | HREINLÆTISVÖRUR | HÚÐVÖRUR | ANDLITSLÍNA | BARNAVÖRUR

VIÐKVÆM HÚÐ? PRÓFAÐU ALLA LÍNUNA...

...fyrir heimilið, fjölskylduna og þig.

Neutral er sérstaklega þróað fyrir viðkvæma húð og inniheldur engin ilmefni, litarefni eða paraben – þannig hjálpar Neutral þér að vernda húð allra í fjölskyldunni.

Skoðaðu allar Neutral vörurnar í næstu verslun eða kíktu á Neutral.is



Bakpankar

Berglindar
Pétursdóttur



Veistu hvað mig dreymdi?

Að segja öðru fólki frá draumum sínum er tilvalin leið til að einangra sig. Flesta dreymir eitthvað skrítið og ekkert er óáhugaverðara en löng saga um eitthvað sem gerðist alls ekki. Hvað þá eitthvað óútskýranlegt eins og drauma sem ekki einu sinni fróðustu vísindamenn botna nokkuð í. Spurningin „veistu hvað mig dreymdi?“ er líka versta spurning allra tíma. Heldur fólk í alvöru að maður viti það? Eðlilegra væri að spyrja hvort viðmælandi hefði áhuga á draumnum, svarið gæti þá verið nei og daglegt amstur allra gæti haldið áfram.

En sumt fólk virðist sannfært um að aðrir hafi áhuga á þessum undirmeðvitundar-ævintýrum og geta masað látaust um þau. Að sjálfsögðu eru þetta stórmerkileg fyrirbæri og að vissu leyti skil ég þörfina fyrir það að þurfa að monta sig af afrekum sínum í hetjulegum draumi eða jafnvel fletta draumförnum upp í draumráðningabók og komast að því að maður á líklegast von á sendibréfi eða snöggu fráfalli náms vinar.

Ein ágætis leið til þess að segja frá draumum sínum án þess að hlustendur loki strax eyrunum er að segja „heyrðu, mig dreymdi þig í nótt“ jafnvel þótt viðkomandi hafi þar hvergi komið við sögu. Hann hlustar þá kurteislega á meðan hann bíður spennur eftir innkomu sinni í söguna. Er svo reyndar illa svekktur þegar þú segir bara frá því að þig hafi dreymt að þú værir að labba allsber á Laugaveginum og þakkar svo fyrir þig. En draumurinn komst til skila og það er það sem skiptir máli.

Einu draumar annarra sem ég hef áhuga á að heyra um eru draumar sem fæstir myndu þora að segja frá, eins og til dæmis „mig dreymdi þig í nótt, við vorum að ríða“.

OK. Segðu mér meira.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

HEILL HELLINGUR
AF NÝJUM ÞÁTTUM
Á STÖÐ 3

3 FÁÐU STÖÐ 3
Á BETRA VERÐI
Í HAUST

STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 1. nóvember*

Fáðu þér áskrift
í síma 1817 eða
á [365.is](#)

365

*Gildir fyrir eina áskrift. Vöskiptavinir sem taka þessu tilbodinu fyrir 1. nóvember halda þessum hljórum í eitt ár.

KING KOIL.

KYNNIR HEILSUDÝNURNAR MORENA FIRM OG SUMMER GLOW



SUMMER GLOW

Millistíf / Mjúk (Queen Size 153x203 cm)

MORENA FIRM & SUMMER GLOW

- Dýnnar eru 5 svæða skiptar með 798 pokagormakerfi þannig að nánast engin hreyfing er á milli svefnsvæða.
- Toppurinn er með þrýstijöfnunar-gelsvampi og svæðaskiptum gæða kaldsvampi ásamt poly-fiber fyllingu.
- Kantarnir eru með stífum gæðasvampi.
- Botnar eru klæddir með gæða PU-leðri. Hægt er að velja dökkan eða ljósan botn. Íslensk framleiðsla.

MORENA FIRM

Millistíf / Stíf (Queen Size 153x203 cm)

Fullt verð 278.711 kr.

TILBOÐSVERÐ 195.098 kr.

KYNNTU ÞÉR NÝJU LÍNUNA FRÁ

WORLD LUXURY KING KOIL.



Rekkjan ehf · Ármúla 44 · 108 Reykjavík · 588 1955 · [www.rekkjan.is](#) · Opið virka d. 10-18 og lau 11-16

20-50% AFSLÁTTUR

AF SÆNGURVERASETTUM

RÝMUM FYRIR NÝJUM!

rekkjan

H E I L S U R Ú M